# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

34. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 9. FEBRÚAR 2017




Suðaustan rok eða ofsaveður gekk yfir landið í gær og lék krakkahópur við Hörpu sér að því að geta staðið líkt og poppgoðið Michael Jackson með vindinn í fangið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Sigurjón Árnason krefst endurupptöku

**Fyrrverandi bankastjóri Landsbankans vill að tvö dómsmál gegn honum verði tekin upp að nýju. Telur dómara vanhæfa vegna hlutabréfaeignar í bönkunum sem féllu.**

**DÓMSMÁL** Sigurjón Þ. Árnason, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, hefur krafist þess að tvö dómsmál á hendur honum verði tekin til meðferðar að nýju fyrir dómi.

Sigurjón var dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi í Hæstarétti í október 2015 fyrir umboðssvik og markaðsmisnotkun vegna Ímon-málsins svokallaða. Hæstiréttur dæmdi hann svo aftur í átján mánaða fangelsi fyrir umboðssvik og markaðsmisnotkun í byrjun febrúar á síðasta ári.

Sigurður G. Guðjónsson, lögmaður Sigurjóns, segist hafa sent erindi til endurupptökunefndar í september. „Ég er að vinna í því og sendi inn endurupptökubeiðni í september. Síðan hef ég verið að bæta við hana eftir því sem maður hefur fengið meira af gögnum. En það vill svo til að nefndin er eiginlega óstarfhæf af því að það reyndust einhverjir nefndarmenn vanhæfir og Alþingi þarf að kjósa nýja,“ segir Sigurður. Þar vísar Sigurður til Björns L. Bergssonar, formanns nefndarinnar, og nefndarmannsins Þórdísar Ingadóttur.

„Við byggjum nú bara fyrst og fremst á þeim fréttum sem hafa komið um hlutabréfaeign dómara í blöðunum. Svo hefur verið að koma í ljós að þeir hafa verið að staðfesta að þeir hafi tapað fjármunum í bankahruninu, sumir dómarar,“ segir Sigurður.

Björn L. Bergsson segir að ekki hafi borist neinar endurupptökubeiðnir sem byggja á vanhæfi dómara eftir að fréttirnar af fjárhagslegum hagsmunum hæstaréttardómara voru sagðar í byrjun desember. Krafa Sigurjóns var lögð fram í september. – jhh

## Ólöf lést í gær



**ANDLÁT** Ólöf Nordal, varaformaður og þingkona Sjálfstæðisflokksins, lést í gær fimmtug að aldri. Hún lætur eftir sig eiginmann og fjögur börn. Ólöf var alþingismaður fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Norðausturkjördæmi á árunum 2007-2009 og var þingmaður Reykjavíkurkjördæmis suður frá 2009 til 2013 og aftur frá árinu 2016.

Ólöf tók við embætti innanríkisráðherra þann 4. desember 2014 og gegndi því til 11. janúar á þessu ári. Hún greindist með krabbamein árið 2014 og gekkst þá undir skurðaðgerð til að fjarlægja illkynja æxli.

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um uppreisn kjósenda. 15

**SPORT** Undanúrslitin í Maltbikar karla fara fram í dag. 22

**TÍMAMÓT** Þórunn Ólafsdóttir var valin Austfirðingur ársins. 24

**MENNING** Brynhildur Guðjónsdóttir leikstýrir Mannsröddinni sem frumsýnd er í kvöld. 30

**LÍFIÐ** Bókin Handan fyrirgefningar eftir Þórdísi Elvu og Tom Stranger er komin í forsölu. 42

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● HOLLT OG BRAGÐGOTT**




*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


KRÓNAN

Krónan mælir með!

-40%



3599 kr. kg

Ungnauta Rib Eye, Nýja Sjáland

Verð áður 5999 kr. kg

HNÍFAPARATÖSKUR

12 MANNA ÁSAMT FYLGIHLUTUM YFIR 15 TEGUNDIR

VERÐ FRÁ KR.24.990



Tékk KRISTALL 45 ÁRA

LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

SMÁRALIND

HVAÐ UM AÐ KÍKJA SMÁ?



OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

## Veður




Suðaustan og sunnan hvassviðri og sums staðar stormur austan til á landinu í dag, en mun hægari suðlæg átt um landið vestanvert. Talsverð rigning suðaustanlands og á sunnanverðum Austfjörðum. SJÁ SÍÐU 28



**Sigurður Guðjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Úrskurðaði um laun tveggja

**KJARAMÁL** Kjararáð úrskurðaði um laun skógræktarstjóra og forstjóra Hafrannsóknastofnunar undir lok janúarmánaðar. Laun beggja verða eftir ákvörðunina rúmlega milljón krónur.

Breytingar voru gerðar á stofnunum tveimur á síðasta ári. Skógræktin óskaði eftir því að laun stjórnanda stofnunarinnar yrðu endurskoðuð en í rökstuðningi var meðal annars bent á að til stæði að sameina Skógrækt ríkisins og ýmis landshlutaverkefni. Álag og vinna utan vinnutíma myndi aukast. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið óskaði eftir endurskoðun á launum forstjóra Hafrannsóknastofnunar sökum breytinga á lögum um stofnunina. Nokkur verkefni sem áður voru á könnu Veiðimálastofnunar voru færð undir Hafrannsóknastofnun. Var farið þess á leit við ráðið að það myndi endurskoða laun forstjórans.

Úrskurður kjararáðs var sá að mánaðarlaun forstjóra Hafrannsóknastofnunar yrðu 1.023.517 krónur auk 35 yfirvinnueininga. Launin verða því 1.356.962 krónur á mánuði. Ákvörðunin er afturvirk til 1. apríl 2016. Skógræktarstjóri fær 866.128 krónur á mánuði auk 25 yfirvinnueininga. Föst mánaðarlaun verða því 1.105.428 krónur. Sú ákvörðun er afturvirk til 1. júlí 2016. **– jóe**

**Laun forstjóra Hafrannsóknastofnunar verða því 1.356.962 krónur á mánuði.**

## Íslensku bókmenntaverðlaunin afhent í gær



**Þau Auður Ava Ólafsdóttir, Hildur Knútsdóttir og Ragnar Axelsson hlutu í gær Íslensku bókmenntaverðlaunin en Guðni Th. Jóhannesson forseti afhenti þau. Auður hlaut verðlaunin í flokki fagurbókmennta fyrir bók sína Ör, Hildur hlaut verðlaunin í flokki barna-og ungmennabóka fyrir bókina Vetrarhörkur og Rax fór með sigur af hólmi í flokki fræðirita og bóka almenns eðlis fyrir bók sína Andlit norðursins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Dómsmáli frestað vegna rannsóknar

**DÓMSMÁL** Máli Afls Sparisjóðs gegn Magnúsi Stefáni Jónassyni, fyrrverandi skrifstofustjóra sparisjóðsins, var frestað í Héraðsdómi Norðurlands eystra í gær í óþökk bæði lögmanna stefndu og stefnenda.

Dómari ákvað að fresta málinu þar sem sakamálarannsókn fer nú fram hjá héraðssaksóknaraembættinu. Magnúsi Stefáni er gefið að sök að hafa í starfi sínu sem skrifstofustjóri dregið sér fé svo tugmilljónum skiptir.

Þegar málið kom upp voru eigur Magnúsar Stefáns kyrrsettar. Einboðið er að sakamálarannsóknin muni taka nokkur ár hið minnsta og á meðan verða eigur ákærða kyrrsettar.

Magnús Stefán var forseti bæjarstjórnar Fjallabyggðar þegar málið kom upp en hann sagði af sér embætti. **– sa**

# Þúsundir ferðamanna sátu eftir vegna veðurs

**Þúsundir ferðamanna þurftu að breyta áætlunum sínum í gær vegna veðurs. Fyrirtæki eru vön að breyta áætlunum sínum. Slökkvilið og björgunarsveitir höfðu í nógu að snúast við að bjarga byggingakrönum, strætóskýlum og þakplötum.**



**Bílastæðið hjá Iceland Excursions var fullt af rútum fyrri hluta dags í gær, þar sem engar ferðir voru farnar út á land.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**FERÐAÞJÓNUSTA** Þúsundir ferðamanna sem áttu pantaðar skoðunarferðir með íslenskum rútubílafyrirtækjum þurftu að breyta áætlunum sínum í gær vegna ofsaveðurs. Öllum dagsferðum hjá Kynnisferðum var aflýst. Samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum fyrirtækisins áttu 500 manns bókað far í ferðir.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forstjóri GrayLine ferðaþjónustufyrirtækisins, segir að á þriðja þúsund manns hafi átt bókað far hjá þeim í gær í ferð um Gullna hringinn, á suðurströndina, í Borgarfjörðinn, Bláa lónið og í hellaferðir. Óveðrið hafi haft áhrif á þetta allt. Stór hluti ferðamannanna geti bókað í aðrar ferðir á næstu dögum og býst Þórdís Lóa við að þeir muni þiggja það.

„Við erum alvön þessu og þetta er partur af vetrarferðamennsku á Íslandi. Það þarf að fella niður ferðir út af veðrum og færa til milli daga. Það er líka algengt í norðurljósaferðum að það þurfi að færa milli daga,“ segir hún. Hún bætir þó við að gærdagurinn hafi verið óvenjuslæmur. „Og ef ég man rétt þá kom einn slíkur dagur líka í desember,“ segir hún.

Þórdís Lóa segir að ferðamenn bregðist langoftast við svona aðstæð-

**Við erum ekki að stefna neinum í hættu og pössum vel upp á öryggismál hjá okkur.**

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forstjóri GrayLine



um með skilningi. Enda sé fyrirtækið með ákveðnar öryggis- og viðbragðsáætlanir sem settar hafi verið upp í samstarfi við aðila sem þekkja slík öryggisatriði vel. „Við erum ekki að stefna neinum í hættu og pössum vel upp á öryggismál hjá okkur.“

Aftakaveðrið á suðvesturhorni landsins í gær olli nokkru tjóni. Samkvæmt upplýsingum frá Slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu fóru slökkviliðsmenn í þrettán útköll á dælubílum. Samkvæmt upplýsingum frá Óttari Karlssyni innivarðstjóra þurfti að bregðast við byggingakrönum sem voru við að fjúka um koll, járn fauk af þökum og strætóskýli skemmdust. Þá voru um 120 björgunarsveitarmenn kallaðir út á suðvesturhorninu, langflestir í Reykjavík.

Veðrið á landinu næstu daga verður talsvert hægara en það var í gær. Óli Þór Árnason veðurfræðingur á Veðurstofunni, segir að í dag verði hvasst fyrir austan og talsverð rigning á Suðausturlandi. Á morgun lægir svo fyrir austan og hitastigið verður nálægt frostmarki vestan til.

Óli Þór býst við áhugaverðu veðri um helgina þegar skellur á hvöss suðvestanátt. Þá gæti slegið í storm mest á Austurlandi. „Þar gætum við farið að sjá hitatölur sem maður sér ekki oft í febrúar,“ segir Óli Þór. Íbúar á Austfjörðum geti séð þessar háu hitatölur en í höfuðborginni verður rigning og suddi.

**jonhakon@frettabladid.is**




LEXUS NX
SKARPARI Á
ALLA KANTA
Lexus NX hefur skarpari línur og sker sig úr fjöldanum með sportlegri hönnun sem gleður augað frá öllum sjónarhornum. Að innan státar Lexus NX af skjá með 360 gráðu sjónsviði og Mark Levinson Premium Surround hljóðkerfi sem magnar seiðandi aðdráttarafl hans – hvar sem hann kemur.
lexus.is
Lexus-Ísland | Kauptúni 6 | Garðabæ | Sími: 570 5400
NX | LEXUS

# Börnin voru alltaf hrædd

**Starfsfólk Kópavogshælis var beðið um að veita foreldrum barna sem þar dvöldu ekki of miklar upplýsingar til að valda þeim ekki óróa. Heimsóknartími var einu sinni í viku í tvo tíma í senn. Maður sem bjó á hælinu frá þriggja ára aldri lýsir mikilli hræðslu og ótta.**



Haraldur Ólafsson var alinn upp á Kópavogshæli frá þriggja ára aldri. Hann er með fulla greind en spastískur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**SAMFÉLAG** „Mér var hótað að ef ég gerði ekki hitt og þetta yrði ég lokaður inni. Ég var kannski átta ára,“ segir Haraldur Ólafsson sem var alinn upp á Kópavogshæli frá þriggja ára aldri. Hann er með fulla greind en spastískar hreyfingar og var fluttur á Kópavogshæli þegar móðir hans lést. Í viðtali við Stöð 2 árið 2012 sagði Haraldur að hann hefði skriðið fyrstu ellefu ár ævi sinnar.

Í samtali við Fréttablaðið segir hann ástandið á Kópavogshæli oft hafa verið hrikalegt. „Maður var hræddur við geðveikt fólk og passaði að koma ekki nálægt því. En það voru mikil högg og læti.“ Haraldur lýsir því hvernig hávaði, högg og tryllingur fullorðinna vistmanna hafi verið hræðileg upplifun fyrir börn og orðið til þess að hann var oftar en ekki skelfingu lostinn. Vistmenn hafi barið í veggi og tekið alvarleg bræðisköst sem börnin, sem voru vistuð á meðal fullorðinna, upplifðu og sáu.

Þessu til staðfestingar má nefna dæmi úr dagbókum Kópavogshælis: „Allt í uppnámi í kvöld, X hafði svo hátt að hann ærði börnin.“

Haraldur sjálfur varð ekki fyrir líkamlegu ofbeldi en var reglulega hótað að vera lokaður inni ef hann hegðaði sér ekki í samræmi við óskir starfsfólks. Hann segist oft hafa séð börn lokuð inni og að það hafi verið mjög erfitt að horfa upp á það þegar börnin komu aftur úr slíkri einangrunarvist.

Í skýrslu vistheimilanna segir að starfsfólk hafi stöðugt gagnrýnt aðbúnað á Kópavogshælinu en forstöðufólk þess hafi haft litla trú á framförum eða nýjungum. Lengst af var Ragnhildur Ingibergsdóttir yfirlæknir og eiginmaður hennar, Björn Gestsson, forstöðumaður. Björn var forstöðumaður hælisins frá 1956 til 1987 og skólastjóri Þroskaþjálfaskólans til 1977. Björn lést árið 1992 en í minningargrein um hann segir að eftir að Björn aflaði sér sérþekkingar erlendis hafi þau hjónin hafið að stýra stofnuninni. Þá segir: „Þetta olli þáttaskilum í aðstöðu vangefinna. Á fáum árum reis myndarleg og nýtískuleg stofnun sem veitti góða umönnun og kennslu. Vandræði fjölmargra vangefinna og aðstandenda þeirra var nú hægt að leysa á farsælan hátt. Með þessu var horfið frá myrku miðaldastigi þessara mála á Íslandi til nútímalegrar heilbrigðisþjónustu og fræðslu.“

> **Þú getur rétt ímyndað þér hvernig börnunum leið. Börnin voru nær alltaf mjög hrædd.**
>
> Hrefna Haraldsdóttir, þroskaþjálfi og fyrrverandi starfsmaður Kópavogshælis



Hrefna Haraldsdóttir þroskaþjálfi hóf störf á Kópavogshæli árið 1959, þá sautján ára gömul. Hún segir að aðstaðan og umhverfið hafi verið óboðleg, sérstaklega fyrir börn. Viðhorfið hafi verið að fatlað fólk væri annars flokks borgarar og að ekki væri gott ef börnin sem dvöldu á Kópavogshælinu ættu í of miklum samskiptum við foreldra sína. „Það var heimsókn einu sinni í viku, á sunnudögum frá þrjú til fimm. Ef foreldrar ætluðu að koma á öðrum tíma þurfti sérstakt leyfi frá yfirfólkinu. Okkur var uppálagt að gefa sem minnstar upplýsingar því annað myndi valda óróa hjá foreldrum,“ lýsir Hrefna.

Hún sagði að talað væri um að það væri ekki gott fyrir vistmenn og samfélagið ef þau færu of mikið út. Einangrunin hafi því verið gríðarleg. Aðspurð hvernig börnin upplifðu þennan mikla viðskilnað og samskiptaleysi við foreldra sína segir Hrefna: „Þau bara, því miður, gáfust svolítið fljótt upp. Þú getur rétt ímyndað þér hvernig börnunum leið. Börnin voru nær alltaf mjög hrædd.“

snaeros@frettabladid.is

## Dæmi um sögur úr skýrslunni

**Skýrslan nú er ekki sú fyrsta sem hefur verið gerð um hælið. Strax árið 1962 voru gerðar athugasemdir við fjölda og aðbúnað vistfólks. Fjórum áður síðar var niðurstaða annarrar skýrslu að starfsemin væri í alvarlegri hættu ef ekkert væri gert.**

**Við gerð skýrslunnar var stuðst við sjúkraskýrslur auk viðtala við vistmenn, aðstandendur og starfsfólk. Af um hundrað vistmönnum sem eru á lífi gátu átta tjáð sig um dvöl sína. Hér má finna nokkur dæmi úr skýrslunni.**

- „Þetta var skelfilegt umhverfi, það var mjög erfitt að vera á hælinu, alls konar fólk sem maður var hálfhræddur við, hræddur alla daga og ennþá hræddur við fólk ... hræddur þegar fólk fór í geðveikisköst [...] Ég var mikið úti ... ég var bara að flýja fólkið af því að ég var hræddur.“



- Systir X lýsti því hvernig hún hefði ekki verið í mjaðmalið, verið farin að öskra og bíta sig í hendurnar af sársauka en þá lokuð inni vegna þess hve illa hún lét. „[Þ]etta skemmdist, mjaðmarkúlan var farin út ... farin að búa til nýja holu, nýja skál ... þið getið ímyndað ykkur sársaukann.“
- Starfsmaður hafði eftir lækni að á Kópavogshælinu hefði starfsmaður ætlað að venja vistmann af óhóflegri kaffidrykkju með því að setja mikið salt í kaffið hans, sem endaði með því að vistmaðurinn dó úr saltsjokki.
- Stúlkum voru gefnar getnaðarvarnarpillur eða ófrjósemisaðgerðir framkvæmdar á þeim þegar þær fóru á blandaðar deildir. Með því móti þurftu þær ekki jafn mikla vöktun. Í skýrslunni er ekki að finna dæmi um kynferðisofbeldi af hálfu starfsfólks en grunur er á slíku af hálfu vistmanna. „Í gær stóð ég sjúkling að því að vera að leika sér að kynfærum á öðrum sjúklingi, sem er örviti,“ er ritað í vaktbók.
- „Þá sagðist X hafa fengið tannpínu en ekki verið farið með hann til tannlæknis heldur hefði hann verið bundinn niður í stól og tönnin dregin úr án nokkurrar deyfingar. Hefði hann öskrað og grátið en þá verið „hent niður í kjallara“ og sagt að koma ekki upp fyrr en hann hætti að gráta.“



- Faðir: Við báðum um að X yrði ekki sagt fyrr en samdægurs að [foreldrar] ætluðu að heimsækja hann. Annars hefði X rúllað hjólastólnum að dyrum, hvorki þegið vott né þurrt heldur beðið eftir að vera sóttur. Á leið til baka hefði X grátið allan tímann.
- Starfsfólk gagnrýnir sérstaklega að einum starfsmanni hafi verið ætlað að sjá um margar deildir. Nokkrir fyrrverandi starfsmenn lýsa gömlu karla- og kvennadeildunum sem skelfilegum. „Þarna voru bara karlar æðandi um, mismikið klæddir og sumir allsberir, ekkert starfsfólk að sinna þeim ... opnaði inn í sellu, þar var alblóðugur maður, allsber, búinn að berja höfðinu utan í veggi, um leið og ég opna kemur starfsmaður hlaupandi og gargaði: ‚Lokaðu, læstu aftur!‘“
- „Man eftir einum á deildinni hjá mér ... var að vakna upp [á nóttunni] og kastaði svo mikið upp og titraði og skalf og var eins og það væri að líða yfir hann ... þetta var hræðilegt og ég var búinn að láta vita af þessu tvisvar, þrisvar ... loksins farið með hann til læknis og þá kom í ljós að hann var með svona mikið hvítblæði og hann dó stuttu seinna.“



- „Er það vanþekking eða virðingarleysi að einstaklingur fer í aðgerð og gleymist í gifsi ... í margar vikur og er ekki tekinn úr gifsinu og þegar hann er tekinn úr gifsinu þá er hann orðinn stífur í mjöðmum, getur ekki setið og er kominn með mjög slæma hryggskekkju, er það ill meðferð? Já það er það ...“




Grand Cherokee Overland
Dísel - Sjálfskiptur - Hlaðinn aukabúnaði - Ekinn 44þ. km
Verð: 8.990.000,-
Raðnr. 152579



Murano 3.5 - Sjálfskiptur
Bensín - Leður - 18" felgur
Lúga - Ekinn 138þ. km
Verð: 1.290.000,-
Raðnr. 152909



Quattro - Bensín - Sjálfskiptur
Leður - Lúga - Xenon o.fl.
Flottur bíll - Ekinn 86þ. km
Verð: 3.950.000,-
Raðnr. 100147



Fiesta Trend - Bensín
Beinskiptur - Sparneytinn
Ekinn 45þ. km
Verð: 1.750.000,-
Raðnr. 152933



500 Lounge - Beinskiptur
Umboðsbíll - Íslandspakki
Bensín - Ekinn 30þ. km
Verð: 2.290.000,-
Raðnr. 152780



Impreza Wagon GX - 4x4
Bensín - Sjálfskiptur
Skoðaður 2018 - Ekinn 104þ. km
Verð: 690.000,-
Raðnr. 152944



Focus Trend - Bensín - Lítið ekinn - Sjálfskiptur - Vetrardekk
Fallegur bíll - Ekinn 96þ. km
Verð: 1.490.000,-
Raðnr. 221111



Cherokee Limited - Sjálfskiptur
Dísel - Leður - Lúga - Hátt og lágt drif - Ekinn 27þ. km
Verð: 7.840.000,-
Raðnr. 221203

100 bílar bílasala

100 bílar ehf.
Stekkjarbakka 4
109 Reykjavík

Sími: 517 9999
100bilar@100bilar.is
www.100bilar.is

Mikil sala - Vantar bíla á skrá - 800m2 innisalur



Clio Expression - Beinskiptur
Dísel - Álfelgur - Led ljós
Aðgerðastýri - Ekinn 78þ. km
Verð: 1.790.000,-
Raðnr. 152631



i10 - Comfort - Beinskiptur
Bensín - Kastarar
Aðgerðastýri - Ekinn 60þ. km
Verð: 1.390.000,-
Raðnr. 152683




SUBARU
Confidence in Motion




*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM79985

## SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

**Rekstraröryggi** og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og sítengt fjórhjóladrif með tölvustýrði stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Rétt að athuga aðbúnað fullorðinna

**SAMFÉLAG** Rannsókn vistheimilanefndar á Kópavogshæli tók aðeins til meðferðar á börnum sem vistuð voru á hælinu en ekki til fullorðinna. Vistheimilanefndin fór engu að síður í gegnum allar sjúkraskýrslur sem lágu fyrir um vistmenn til að vinsa út hverjir voru vistaðir frá barnsaldri.

Rannveig Traustadóttir, prófessor við Háskóla Íslands og nefndarmaður, segir fulla ástæðu til að rannsaka einnig þá meðferð sem fullorðnir þurftu að þola á hælinu. „Við í nefndinni töldum að það hefði verið meira um ofbeldi og oft verri aðbúnaður gagnvart fullorðnu fólki en varðandi börnin. Okkur grunar að það hafi verið meira um kynferðislegt ofbeldi gagnvart fullorðnu fólki.“

> Okkur grunar að það hafi verið meira um kynferðislegt ofbeldi gagnvart fullorðnu fólki.
>
> Rannveig Traustadóttir, prófessor við Háskóla Íslands og nefndarmaður

Fyrrverandi starfsmaður Kópavogshælis sem Fréttablaðið ræddi við greindi frá ungri konu sem kom fyrst á Kópavogshælið eftir að hún varð sjálfráða. Faðir konunnar tók hana reglulega af heimilinu í helgarleyfi og stúlkan kom iðulega til baka örmagna og í ástandi sem vakti grunsemdir um kynferðislega misnotkun. Allt starfsfólkið var meðvitað um þessar grunsemdir en ekki var haft samband við lögreglu eða yfirvöld. Faðirinn fékk áfram að hitta dóttur sína. Annar starfsmaður, kona, sem Fréttablaðið ræddi við starfaði á hælinu í kringum 1990. Hún sagði að þegar hún hóf störf þar hefði verið búið að segja mörgum upp sem ekki þóttu starfi sínu vaxnir. Í hinum nýja starfsmannahópi gengu sögur af svokölluðu „fávitakasti“ þar sem vistmönnum var kastað til og frá líkt og í dvergakasti.

Þá hafi stór hluti starfseminnar farið í að vinda ofan af áralangri vanrækslu vistmanna, meðal annars með því að gera að þrálátum legusárum fólks. Þá hafi kona, sem var heyrnarskert, fengið heyrnartæki í fyrsta sinn sem leiddi í ljós að hægt var að kenna henni að tala. Áður fyrr hafði verið talið að konan væri mállaus. **– snæ**



Frá skemmtun á Kópavogshæli árið 1980. Vistheimilanefnd hefur skilað skýrslum um fimm vistheimili þar sem margt misjafnt kom í ljós. Í nýjustu skýrslunni eru talin upp 13 önnur heimili sem enn á eftir að skoða. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVIKUR

# Nýjar leiðir kannaðar

## Vistheimilanefnd gerir athugasemdir við fyrirkomulag á könnun og uppgjöri sanngirnisbóta. Tillögur nefndarinnar eru að stærstum hluta þær sömu og 2011.

**STJÓRNSÝSLA** Í nýrri skýrslu Vistheimilanefndar um Kópavogshæli og Efra-Sel er eindregið mælst til þess að mótað verði nýtt fyrirkomulag um könnun og uppgjör sanngirnisbóta vegna illrar meðferðar og ofbeldis gagnvart börnum á stofnunum. Málið fer í ferli í ráðuneytinu að sögn dómsmálaráðherra.

Vistheimilanefnd var fyrst skipuð árið 2007 og var nefndinni falið að skila skýrslu um starfsemi Breiðavíkurheimilisins. Í kjölfar þeirrar skýrslu skilaði nefndin þremur skýrslum um önnur vist- og meðferðarheimili fyrir börn. Árið 2012 var ný vistheimilanefnd skipuð og henni falið að kanna málefni Kópavogshælis. Var það gert að beiðni Þroskahjálpar.

Í lögum um sanngirnisbætur er það skilyrði fyrir greiðslu bóta að skýrsla vistheimilanefndar liggi fyrir. Í skýrslunni sem skilað var í fyrradag eru talin upp þrettán önnur heimili og stofnanir þar sem börn voru vistuð en engin skýrsla liggur fyrir.

„Spurningin sem liggur í loftinu er hvort niðurstaðan frá þeim heimilum sé ekki sú sama. Vitum við ekki hreinlega nóg til að geta dregið nokkuð almennar ályktanir?“ spyr Hrefna Friðriksdóttir, formaður vistheimilanefndar.

Í niðurstöðukafla skýrslunnar er stungið upp á úrbótum til að gera fyrirkomulag við greiðslu sanngirnisbóta skilvirkari. Tillögurnar eru að stærstum hluta efnislega í samræmi við tillögur sem fyrri nefnd skilaði árið 2011. Þar var meðal annars stungið upp á að sýslumaður eða sjálfstæð stofnun sæi um verkefnið.

„Einnig er hægt að halda núverandi fyrirkomulagi. Það er hægt að fela nefndinni að skoða fleiri heimili en það útheimtir mikla vinnu. Þetta er gríðarlegt magn gagna og tímafrek vinna,“ segir Hrefna.

„Ég tel að það eigi að íhuga vel tillögur um breytt fyrirkomulag,“ segir Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra. Spurning sé hvort ástæða sé til að leggja vinnu nefndarinnar nú til grundvallar á öðrum heimilum eftir atvikum. Málið fari nú í ferli í ráðuneytinu.

„Ég legg áherslu á að vandað sé til verka en það er ekki víst að það þjóni tilgangi að taka jafn langan tíma í þau mál sem á eftir koma,“ segir Sigríður.

**johannoli@frettabladid.is**

### Undirbýr bætur fyrir þá sem eru á lífi

Undirbúningur er að hefjast til að greiða þeim vistmönnum á Kópavogshæli, sem eru enn á lífi, bætur fyrir þá vanrækslu sem þeir þurftu að sæta. Vistheimilanefnd telur að hundrað börn, sem vistuð voru á Kópavogshæli, séu enn á lífi.

Samkvæmt lögum um sanngirnisbætur verða ákveðin skilyrði að vera fyrir hendi til að einstaklingur eigi rétt á bótum. Einstaklingur verður að hafa orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi meðan á vistuninni stóð sem olli viðkomandi varanlegum skaða. Með því er átt við refsiverða líkamlega valdbeitingu eða valdbeitingu þar sem óþarfa sársauka var valdið. Ógnandi eða niðurlægjandi athöfn gagnvart barni eða athafnir sem eru til þess fallnar að misbjóða barni eða vanrækja uppeldi þess þannig að líkamleg og andleg heilsa þess sé hætt búin. Upphæð sanngirnisbóta miðast við alvarleika ofbeldisins. Hámark þeirra er 6 milljónir króna.



**Guðrún Ögmundsdóttir** hefur það hlutverk að fara yfir skýrsluna og koma með tillögu að bótum sem samþykkt verður af sýslumanni.

„Ég vissi alveg að niðurstaðan gæti orðið mjög alvarleg. Nú þarf ég bara að leggjast yfir skýrsluna og breyta vinnulaginu því þetta er öðruvísi hópur. Ef þú ert með fólk sem getur lítið tjáð sig þarf að finna aðrar leiðir.“ Nú þegar liggur fyrir að 80 milljónir eru til reiðu í sanngirnisbætur.









# ESTĒE LAUDER

Þessi glæsilegi *kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Estée Lauder fyrir 6.900 krónur eða meira í Hagkaup Smáralind, Skeifu, Garðabæ og Akureyri dagana 9. – 15. febrúar.

**Kaupaukinn inniheldur:**

**Take It Away Makeup Remover**
– farðahreinsi, 30ml
**Advanced Night Repair**
– viðgerðardropa, 7ml
**Advanced Night Repair Eye**
– alhliða augnkrem, 5ml
**Revitalizing Supreme +**
- fyrirbyggjandi krem, 15ml
**Revitalizing Supreme Mask**
– kröftugan rakamaska, 15ml
**Sumptuous Knockout Mascara**
– svartan mascara, 2.8ml
**DoubleWear Eyepencil**
– svartan augnblýant
**Fallega snyrtibuddu**

**20%**
**afsláttur af Estée Lauder vörum dagana 9. - 15. febrúar**




*meðan birgðir endast

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**Með eða á móti** Áfengisfrumvarpið

# Við lifum af dómsdagsspárnar

## Brynjar Níelsson

**þingmaður Sjálfstæðisflokksins**

„Sjálfur er ég þeirra skoðunar að bönn eða ýmsar takmarkanir á sölu þessarar vöru umfram aðrar séu ekki til góðs til lengri tíma litið. Af því að enn bærast í mér frelsishugmyndir og almennt óþol gagnvart afskiptum ríkisvaldsins vil ég hafa sem mest frelsi í viðskiptum með löglegar vörur,“ segir Brynjar.

„Ég trúi því nefnilega að best sé að einstaklingurinn beri ábyrgð á sjálfum sér og það sé vænlegast þegar upp er staðið. Hins vegar tel ég rétt, með hliðsjón af afstöðu stórs hluta landsmanna, að stíga smærri skref í átt til frjálsræðis í þessum efnum, í stað þess að gefa helmingi þjóðarinnar á lúðurinn. Það verði í raun árangursríkara. Þróunin verður auðvitað sú að almenningur mun krefjast betra og meira aðgengis að þessari vöru, alveg eins og gerðist þegar bjórinn var leyfður. Sömu rök voru fyrir bjórbanninu og nú fyrir banni á sölu áfengis í matvörubúðum. Dómsdagsspár eru manninum eðlilegar þrátt fyrir að við lifum þær allar af.“

Brynjar segir áfengissölu alltaf verið tilefni ágreinings. „Ástæðan er auðvitað sú að það er alltaf hluti þjóðarinnar sem kann ekki fótum sínum forráð í þessum efnum. Sama gildir um margt annað sem sumir ráða ekki við.“

*Ég trúi því nefnilega að best sé að einstaklingurinn beri ábyrgð á sjálfum sér.*

En er fyrirkomulagið þá ekki gott eins og það er?

„Þjónusta þessa góða fyrirtækis hefur batnað verulega. Bæði er hún víðar um höfuðborgarsvæðið og ekki þarf lengur að bíða í röð fyrir utan verslanirnar. Með hliðsjón af því er eðlilegt að spyrja af hverju leyfa eigi sölu í matvörubúðum. Meðan þjónustan er þetta góð er ekki nauðsynlegt að matvörubúðir selji áfengi. Ekkert frekar en að nauðsynlegt hafi verið að heimila sölu mjólkurafurða í matvörubúðum á sínum tíma enda mjólkurbúðir á hverju horni.“



# Aukið aðgengi eykur neyslu

## Lilja Alfreðsd.

**fyrrverandi utanríkisráðherra og varaformaður Framsóknarflokksins**

„Svíar prófuðu á sínum tíma að setja léttvín í matvöruverslanir og það jók áfengisneyslu verulega og sér í lagi hjá yngri hópunum með tilheyrandi áskorunum. Svíar hurfu frá þessari stefnu vegna þessarar reynslu.“

Hún bætir við að fyrirkomulagið eins og það er í dag, að ríkið standi eingöngu í sölu áfengis, hafi reynst okkur vel.

„Lýðheilsurannsóknir sýna að aukið aðgengi eykur áfengisneyslu. Við þurfum því að spyrja okkur hvort það sé rétt forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu að setja þetta mál á dagskrá – á sama tíma og mikið ákall er um að styrkja innviði heilbrigðiskerfisins og auka forvarnir.“

*Lýðheilsurannsóknir sýna að aukið aðgengi eykur áfengisneyslu.*

Er það þá ekki hluti af annarri umræðu, sem snýr að því að banna notkun áfengis alveg? „Íslandi, Svíþjóð og Noregi hefur farnast vel í að móta stefnu í þessum málaflokki, þ.e. ekki meðhöndla áfengi eins og hverja aðra neysluvöru og stýrt aðgengi með ákveðnum hætti án þess að banna neyslu,“ útskýrir Lilja og bætir við að ákveðið jafnvægi og sátt ríki um núverandi fyrirkomulag í samfélaginu.

„Þess vegna sé ég ekki ástæðu til að breyta um stefnu. Áfengi er ekki eins og hver önnur neysluvara.“

Er sala verslana á áfengi samt ekki bara óhjákvæmileg þróun, hvort sem hún verður með samþykkt þessa frumvarps eða þess næsta sem lagt verður fram?

„Það er ekki forgangsmál er varðar stefnumótun í heilbrigðismálum. Rannsóknir sýna að hliðarverkanir eru umfangsmiklar og til þess þarf að hugsa áður þessi stefnubreyting á sér stað. Að auki hefur Landlæknisembættið sett sig alfarið á móti frumvarpinu og mér finnst rökin sem ég hef farið yfir og önnur sem koma frá Landlæknisembættinu vera þess eðlis að óhjákvæmilegt er að vera mótfallinn frumvarpinu.“






Við kynnum nýjan **Mitsubishi ASX**. Þessi snaggaralegi fjórhjóladrifni sportjeppi skilar þér miklu afli á mjúkan og sparneytinn hátt. Þú situr hærra, hefur meira rými og finnur hvernig þægindin gera aksturinn að hreinni upplifun. Taktu snúning á ASX og leyfðu skilningarvitunum að skemmta sér.

**Mitsubishi ASX 4x4**
Intense ClearTec dísil, sjálfskiptur frá:

**4.890.000 kr.**

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ




MILLJÓNIR Í HVERJUM ÚTDRÆTTI

**DRÖGUM 10. FEBRÚAR** - VERTU MEÐ OG TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á HHI.IS

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
*Vænlegast til vinnings*

PIPAR\TBWA • SÍA • 166029




Ábendingahnappinn má
finna á www.barnaheill.is
SAFT



FÆDD 3. DESEMBER 1966 – DÁIN 8. FEBRÚAR 2017

# Ólöf Nordal, fv. innanríkisráðherra

Ólöf Nordal, varaformaður og þingkona Sjálfstæðisflokksins, lést í gær fimmtug að aldri.

Ólöf var alþingismaður Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi 2007-2009 og var þingmaður Reykjavíkurkjördæmis suður 2009-2013 og aftur frá árinu 2016.

Ólöf tók við embætti innanríkisráðherra þann 4. desember 2014 og gegndi því embætti til 11. janúar á þessu ári.

Ólöf greindist með krabbamein árið 2014 og gekkst þá undir skurðaðgerð til að fjarlægja illkynja æxli. Í byrjun síðasta árs hóf hún lyfjameðferð á ný. Hún var oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður fyrir þingkosningar síðastliðið haust en dró sig til hliðar í kosningabaráttunni til að ná bata.

Vinsældir Ólafar innan Sjálfstæðisflokksins voru miklar. Þar naut hún afgerandi trausts og fékk ætíð yfirburðakosningu þegar hún bauð sig fram til embætta innan flokksins sem og í prófkjörum hans. Hún var kjörin varaformaður Sjálfstæðisflokksins á landsfundi árið 2010 og gegndi því embætti til ársins 2013. Ólöf bauð sig síðan aftur fram í varaformannsembættið á landsfundi árið 2015 og gegndi embættinu til dauðadags.

Hún lætur eftir sig eiginmann og fjögur börn.

TIL LEIGU Í MIÐBÆNUM





Þingholtsstræti 27

TIL LEIGU einstaklega vel staðsett um 460 m² rými í miðborg Reykjavíkur á horni Þingholtsstrætis og Skálholtsstígar. Rýmið er á tveimur hæðum, komið inná jarðhæð og möguleiki á aðgengi í kjallara af jarðhæð. Ótal möguleikar eru með nýtingu á rýminu t.d. verslun, skrifstofur, kaffihús o.s.frv. Á heimasíðu okkar www.reginn.is má finna nánari upplýsingar um eignina, svæðið, tillögur og hugmyndir sem unnar hafa verið um mögulega nýtingu.

Leigutaki hefur möguleika á að hanna rýmið með leigusala og séraðlaga þannig húsnæðið að sínum þörfum. Hér er á ferðinni einstakt tækifæri á frábærum stað í hjarta Reykjavíkur.

Nánari upplýsingar
í síma 666 4000
eða leiga@reginn.is

reginn.is
reginn@reginn.is
sími 512 8900

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

# Laxastofn frá Noregi sagður vera íslenskur

**Deilt er um hvort hægt sé að markaðssetja norskan eldislax sem íslenskan því hann er alinn hér við land. Eldislax er nær undantekningarlaust af norsku bergi brotinn en markaðssettur sem íslenskur.**

**LAXELDI** Markaðs- og kynningarstjóri Hreggnasa segir ótækt að laxeldisfyrirtæki auglýsi og markaðssetji afurð sína sem íslenskan lax þar sem hann sé ekki af íslenskum stofni heldur norskum. Forstjóri Arnarlax telur hins vegar um íslenska afurð að ræða.

„Það er til vara sem heitir íslenskur lax, vara sem markaðssett hefur verið erlendis í áratugi með þeirri ímynd að þar fari hrein afurð, villt úr íslenskri náttúru,“ segir Haraldur Eiríksson, markaðsstjóri Hreggnasa, sem selur veiðileyfi í íslenskar laxveiðiár til einstaklinga um allan heim.

„Nú ber svo við að hingað er komið norskt sjókvíaeldisfyrirtæki, elur upp norskan lax í sjókvíum og selur hann og markaðssetur sem íslenskan. Meira að segja er íslenskur fáni settur á vöruna í Asíu og á Indlandi,“ bætir Haraldur við.

Er Haraldur hér að vitna til fyrirtækisins Arnarlax, sem rekur laxeldi frá Bíldudal og fer framleiðslan fram í þremur fjörðum; Patreksfirði, Arnarfirði og Tálknafirði.

Þessu er Kristian Matthiasson, forstjóri Arnarlax, ósammála.

„Þetta er í grunninn lax sem var fluttur til Íslands fyrir tveimur áratugum. Við kaupum hann frá innlendu fyrirtæki og köllum hann íslenskan lax. Þeir sem eru síðan á móti laxeldinu segja að hann sé norskur lax,“ segir Kristian.



Laxinn sem kemur úr sjókvíum hér við land er undantekningarlaust norskur.

> Meira að segja er íslenskur fáni settur á vöruna í Asíu og á Indlandi.
>
> Haraldur Eiríksson, markaðsstjóri Hreggnasa

„Þetta er alveg eins með okkur Íslendingana sem höfum verið hér í 20 ár.“

Fyrirtækið áformar að slátra um tíu þúsund tonnum af laxi í ár. „Við verðum að átta okkur á að hér er um að ræða kynbættan lax frá fyrirtæki hér á landi. Því er ekki rétt að segja að þetta sé ekki íslenskur lax.“

**sveinn@frettabladid.is**




# NJÓTTU ANDARTAKSINS

Heimsæktu náttúruna á Volvo V60 Cross Country.
Mikil veghæð, há sætisstaða og frábær sæti er
draumaþrennan fyrir unnendur náttúru og ævintýra.
Aflmikil vélin og þýð sjálfskiptingin fer með þig
þangað sem þig langar. Njóttu náttúrunnar af öryggi.
Volvo öryggi.

BORGARÖRYGGI (CITY SAFETY)
VÉLARHITARI MEÐ TÍMASTILLI
HEIMREIÐARLJÓS
7 TOMMU SKJÁR MEÐ NETTENGINGU
DVD SPILARI
VERÐ FRÁ 5.290.000 KR.

KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSLUAKTU
**VOLVO V60 CROSS COUNTRY**

Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináhersla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfinningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfinningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í farabroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg | Bíldshöfða 6
110 Reykjavík | 515 7000
volvocars.is




# MARKAÐURINN



Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sagði félagið ekki ætla að ráðast í aðgerðir sem myndu skaða það til langs tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Margir boltar á lofti og hlutabréfin lækka

**Sérfræðingur á hlutabréfamarkaði segir ekki koma á óvart að fjárfestar stígi varlega til jarðar í kjölfar uppgjörsfundar Icelandair Group. Félagið íhugar að breyta fargjöldum á Saga Class og vöruframboði til að mæta samkeppni.**

„Það eru augljóslega margir boltar á lofti og óvissa er um framhaldið og það kemur ekki á óvart að fjárfestar stígi varlega til jarðar,“ segir Guðlaugur Steinarr Gíslason, sérfræðingur í markaðsviðskiptum hjá Arctica Finance, um uppgjörsfund Icelandair Group í gær og áframhaldandi lækkun á hlutabréfaverði flugfélagsins.

Á fundinum var farið yfir aðgerðir sem stjórnendur Icelandair Group ætla að ráðast í gegn aukinni samkeppni frá lággjaldaflugfélögum og þeim krefjandi aðstæðum sem fyrirtækið tilkynnti um í síðustu viku. Snörp lækkun á bókunarstöðu í janúar, sem hefur batnað síðustu daga, hafi og muni leiða til breytinga á fargjöldum og vöruframboði, þar á meðal lækkun á hluta fargjalda Saga Class. Þær eigi að leiða til bættrar afkomu upp á 30 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði 3,4 milljarða króna, á ársgrundvelli frá og með ársbyrjun 2018. Stjórnendurnir hafa aftur á móti ekki skoðað það alvarlega að skipta fyrirtækinu í tvö vörumerki, eða annars vegar lággjaldahluta og hins vegar núverandi viðskiptamódel.

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, svaraði aðspurður að eitt af því sem stjórnendurnir þyrftu nú að velta fyrir sér sé hvort fara eigi sömu leið og skandinavíska flugfélagið SAS og sækja um nýtt flugrekstrarleyfi og opna starfsstöðvar erlendis og þannig lækka launakostnað. Slíkt myndi aftur á móti „kosta dálítil átök við ákveðnar stéttir“, eins og Björgólfur orðaði það. Launakostnaður fyrirtækisins hækkaði um 29 prósent á fjórða ársfjórðungi 2016 en tekjurnar um tólf prósent.

„Ég hef fulla trú á að félagið sé að skoða þetta. Aftur á móti mun þetta taka einhvern tíma hjá SAS áður en þeir sjá teljandi áhrif fyrir samstæðuna og það sama ætti væntanlega við um Icelandair,“ segir Guðlaugur Steinarr.

„Mér fannst félagið fara nokkuð vel yfir stöðuna og þetta var mun ítarlegri yfirferð á fundinum en vanalega. Manni finnst eins og þeir séu frekar að horfa í áttina að því að breyta tekjustrúktúrnum svo það verði auðveldara að bera saman raunkostnað flugfargjalda flugfélagsins við lággjaldaflugfélög. Menn verða svo bara að gera upp við sig hvort þeir trúi því að þessar leiðir muni hafa teljandi áhrif til hins betra. Það kemur mér ekki á óvart að menn stígi varlega til jarðar en það er ekki eins og það sé ekki að koma neitt út úr þessu félagi. Félagið stendur þrátt fyrir þetta enn vel að vígi til að takast á við þessa óvissu,“ segir Guðlaugur Steinarr.

haraldur@frettabladid.is

## Gengi hlutabréfa Icelandair Group

**Í GÆR VARÐ**
**1%** ↓ lækkun í **561 milljónar** króna viðskiptum.

**14,85 kr.**
var virði bréfanna við lokun markaða í gær.

**33%** ↓
lækkun hefur orðið á bréfunum frá því að fyrirtækið sendi frá sér svarta afkomuviðvörun 1. febrúar síðastliðinn.

*Mér fannst félagið fara nokkuð vel yfir stöðuna og þetta var mun ítarlegri yfirferð á fundinum en vanalega.*



Guðlaugur Steinarr Gíslason, sérfræðingur í markaðsviðskiptum hjá Arctica Finance



Hlutabréf í Icelandair tóku skarpa dýfu eftir að félagið sendi frá sér afkomuviðvörun þann 1. febrúar.

AFSLÁTTUR

# 20%

## AF BLEK- OG DUFTHYLKJUM

### FYRIR MEÐLIMI Í A4 KLÚBBNUM

**9. – 13. febrúar**

EPSON Canon DELL

hp LEXMARK KYOCERA

RICOH maxtec SAMSUNG

brother KONICA MINOLTA xerox

**Erum með blek- og dufthylki í allar helstu gerðir prentara.**
**Sjá nánar á www.a4.is**

**Þú skráir þig í A4 klúbbinn á www.a4.is eða í næstu A4 verslun.**
**Athugið að vöruúrval er mismunandi á milli verslana. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi
**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

# Ábyrgðin er útgerðarinnar



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Hvar liggja sársaukamörk almannahagsmuna þegar sjómannaverkfallið er annars vegar?

Verkfallsrétturinn er mikilvægur og fulltrúar ríkisvaldsins mega ekki ganga yfir hann á skítugum skónum. Þess vegna voru ummæli Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur sjávarútvegsráðherra um að ríkið myndi ekki íhuga inngrip í kjaradeiluna skiljanleg. Í þeim fólust skilaboð um að ríkisstjórnin myndi standa vörð um verkfallsréttinn og það væri verkefni útgerðarinnar að semja við sjómenn, ekki ríkisins.

Ísland má hins vegar ekki breytast í samfélag þar sem verkalýðsfélög halda stórum og mikilvægum atvinnugreinum í gíslingu til lengri tíma. Við sjáum hörmulega reynslu ríkja eins og Frakklands af slíku. Sjávarútvegur er grunnatvinnuvegur á Íslandi sem með klösum skapar um fjórðung landsframleiðslunnar. Þótt ferðaþjónustan sé orðin verðmætasta atvinnugreinin verður Ísland alltaf samfélag þar sem stór hluti verðmætasköpunar hverfist um 200 mílna lögsöguna. Ferðamenn koma og fara eftir tískustraumum. Ísland er í tísku núna, rétt eins og Lofoten-eyjar í Noregi. Ábyrg nýting sjávarútvegsauðlindarinnar og markaðssetning á afurðum hennar er lífstíðarverkefni Íslendinga þar sem eftirspurn eftir verðmætu próteini deyr aldrei. Að halda öðru fram er hrein flónska.

Kjaraviðræður sjómanna eru í ömurlegum hnút og staðan er þannig núna að það tapa allir á henni. Smærri söluaðilar í sjávarútvegi eru lítil fyrirtæki sem eiga ekki kvóta og þurfa að teygja sig mjög langt til að skapa verðmæti. Þessi fyrirtæki eiga allt sitt undir því að það sé stöðugt framboð af fiski.

Viðskiptaforskot Íslendinga hefur lengi falist í afhendingaröryggi með ferskar sjávarafurðir. Það sem útgerðarfyrirtæki óttast mest er að raunverulegt tjón vegna verkfallsins muni koma fram síðar, jafnvel eftir einhver ár og það muni felast í því að orðspor Íslands sem afhendingaraðila á ferskvöru hafi skaðast varanlega. Í Bandaríkjunum blómstrar markaður fyrirtækja sem afhenda ferskan fisk heim að dyrum. Hér má nefna Amazon Fresh sem hefur einsett sér að verða stærsta fyrirtæki heims í afhendingu á ferskum fiski.

Það væri þyngra en tárum taki ef afleiðingar sjómannaverkfallsins myndu raungerast í óbætanlegu orðsporstjóni Íslands. Fyrirtæki sem ekki höndla með auðlindina beint heldur kaupa afurðina innanlands og selja hana áfram eiga allt sitt undir því að orðspor Íslands sé gott. Þessi fyrirtæki reiða sig á „vörumerkið Ísland“. Það eru hagsmunir okkar allra að standa vörð um þetta vörumerki. Hvort sem við erum sjómenn, kvótakóngar eða alþingismenn. Stöðumat útgerðarfyrirtækja ætti að miða að því fórna minni hagsmunum fyrir meiri. Tímabundið högg á efnahagsreikninga vegna krafna sjómanna skiptir minna máli en alþjóðlegt orðspor íslensks sjávarútvegs til langframa.

**Það væri þyngra en tárum taki ef afleiðingar sjómannaverkfallsins myndu raungerast í óbætanlegu orðsporstjóni Íslands.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Minningarorð**
Ólöf Nordal, þingmaður, varaformaður Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi innanríkisráðherra, andaðist í gær. Þingmenn úr öllum flokkum minntust hennar á Facebook-síðum sínum. Þeirra á meðal var Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, sem lýsti Ólöfu sem meinfyndinni og skarpri og gott hefði verið að eiga málefnalegt samstarf við hana. Það er umtalað að samstarf Helga Hrafns Gunnarssonar, fyrrverandi þingmanns Pírata, og Ólafar hafi verið einstaklega gott. Það kristallaðist í minningarfærslu hans í gær þar sem hann lýsti því hvernig Ólöf sló vopnin úr höndum hans ítrekað í ræðustól Alþingis. „Þetta var samtal um hvernig við getum bætt heiminn. Verndað réttindi borgaranna.“

**Beðið eftir forsætisráðherra**
Skýrsla vistheimilanefndar um Kópavogshæli er svört og lýsir skelfilegu ofbeldi og vanrækslu sem börn á opinberri stofnun þurftu að sæta. Fyrsta skýrsla þeirrar tegundar var skýrslan um Breiðavíkurheimilið en Jóhanna Sigurðardóttir, þáverandi forsætisráðherra, bað vistmenn Breiðavíkur og fjölskyldur þeirra afsökunar fyrir hönd íslenskra stjórnvalda og íslensku þjóðarinnar. Búast má við því að slíkrar afsökunarbeiðni sé einnig að vænta frá Bjarna Benediktssyni. Það væri verðugt fyrsta verk nýs forsætisráðherra.

snaeros@frettabladid.is

# Þurfum við nýja útgerðarmenn?



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Útgerðin skilur ekki neitt í neinu, að ekki skuli vera búið að setja lög á verkfall sjómanna eða þá að ríkisvaldið skuli ekki vera fyrir löngu búið að lofa að liðka fyrir samningum með loforðum um skattaafslátt (sem þá leggur meiri byrðar á alla hina skattgreiðendurna sem ekki njóta afsláttarins). Forsætisráðherrann hefur sagt að lög verði ekki sett á verkfallið og fróðlegt verður að fylgjast með hvort hann standi við þau orð þegar þrýstingur á hann vex.

Verkfallið hefur með skýrum hætti dregið fram þá einu ábyrgð sem stjórnvöld bera í þessum efnum. Það er ábyrgðin á að auðlindin, sameign þjóðarinnar, sé nýtt þjóðinni allri til hagsbóta. Verkfallið hefur sýnt fram á vangetu núverandi kvótahafa til að sinna þessu verkefni sem ríkisvaldið fól þeim þegar þeir fengu úthlutað fiskveiðikvóta.

Geti þeir ekki sinnt þessu eina verkefni þá hljóta menn að spyrja sig hvort ekki sé rétt að gefa einhverjum öðrum tækifæri á að spreyta sig. Þar eru nægir um hituna; kvótalausar fiskvinnslur og dugandi einstaklingar um land allt sem fá ekki tækifæri vegna svimandi hárrar kvótaleigu sem borga þarf núverandi kvótahöfum og sem vonlaust er að leigja nema til skamms tíma í senn.

Um langa hríð hefur verið bent á að einfaldasta leiðin til nýliðunar í hópi útgerðarmanna væri að þróa útboðsleið á kvóta þar sem t.d. 5-10 prósent kvótans yrðu boðin út árlega. Um allan heim hafa verið þróaðar aðferðir við útboð af þessu tagi þar sem tryggð er nýliðun og takmarkanir settar við því að kvótarnir safnist á fárra hendur.

Útboð aflaheimilda þar sem hluta fjármunanna sem koma inn yrði ráðstafað til byggðanna gæti reynst hinum minni sveitarfélögum mikilvægur tekjustofn. Nú verða þau mörg hver illilega fyrir barðinu á sjómannaverkfallinu. Útboð aflaheimilda var kosningaloforð nokkurra stjórnmálaflokka fyrir síðustu kosningar en loforðið vóg greinilega ekki nógu þungt í stefnuskrám flokkanna til að þeir mynduðu ríkisstjórn um þetta réttlætismál þjóðarinnar. Þar voru önnur og léttvægari málefni látin ráða för.

**Verkfallið hefur sýnt fram á vangetu núverandi kvótahafa til að sinna þessu verkefni sem ríkisvaldið fól þeim þegar þeir fengu úthlutað fiskveiðikvóta.**

ERTU MEÐ KVEF EÐA FLENSUEINKENNI?

MARINE
PHYTOPLANKTON
Sjávarþörungur

HAWAIIAN
NONI

Frábær tvenna
Fyrirbyggjandi við kvefi og flensu




Bætt heilsa og betri líðan með
Natural Health Labs
100% náttúruleg bætiefni

Ofurfæða úr hafinu
Orka – Einbeiting - Úthald

Veikindabani
Styrkir ónæmiskerfið

Fæst í apótekum, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetrið, Lifandi Markaður, Heilsuver, Heilsuhornið Blómaval, Heilsulausn.is, Heimkaup og Iceland Engilhjalla.

BALSAM
www.balsam.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,**
*ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson
*magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Uppreisn kjósenda

Í DAG

Þorvaldur Gylfason
prófessor

Ein líkleg skýring á bágu ástandi stjórnmálanna í Bandaríkjunum og Evrópu nú er uppreisn reiðra kjósenda gegn forréttindum, m.a. gegn stjórnmálaflokkum sem hegða sér eins og hagsmunasamtök stjórnmálamanna og bönkum sem hegða sér eins og ríki í ríkinu.

Byrjum vestra. Þar hefur það gerzt í fyrsta sinn að nýr forseti nýtur ekki trausts meiri hluta kjósenda frá fyrsta degi sínum í embætti, heldur stendur hann andspænis götumótmælendum um allt land og erlendis, dómstólar hnekkja tilmælum hans, og hann er dreginn sundur og saman í svo beittu háði í sjónvarpi kvöld eftir kvöld að annað eins hefur ekki sézt síðan Charlie Chaplin reif Adolf Hitler í sig í Einræðisherranum 1940. Hvernig gat þetta gerzt?

**Óvinveitt yfirtaka**

Repúblikanar á þingi höfðu gengið svo fram af mörgum kjósendum sínum að Donald Trump, alls óreyndur í stjórnmálum, gat tekið flokkinn yfir eins og að drekka vatn: þetta var óvinveitt yfirtaka eins og það heitir á viðskiptamáli.

**Repúblikanar á þingi höfðu gengið svo fram af mörgum kjósendum sínum að Donald Trump, alls óreyndur í stjórnmálum, gat tekið flokkinn yfir eins og að drekka vatn: þetta var óvinveitt yfirtaka eins og það heitir á viðskiptamáli.**

Trump stráfelldi keppinauta sína og tryggði sér þannig útnefningu flokksins sem lyppaðist niður. Laskaður Repúblikanaflokkur náði meiri hluta í báðum deildum þingsins. Við erum vitni að sögulegri tilraun kjósenda til að taka flokkinn yfir.

Litlu munaði að svipað gerðist í flokki demókrata nema Hillary Clinton, fv. þingmaður og ráðherra, stóð af sér yfirtökutilraun Bernie Sanders sem var nýgenginn til liðs við flokkinn og hafði áður verið óháður þingmaður í öldungadeildinni. Clinton hlaut 16 milljónir atkvæða í prófkjörum demókrata gegn 12 milljónum atkvæða Sanders. Til viðmiðunar hlaut Trump 13 milljónir atkvæða í prófkjörum repúblikana.

Hvers vegna varð eitt ofan á í flokki repúblikana og annað meðal demókrata? Hvers vegna var Samfylkingunni og Framsókn refsað grimmilega í síðustu þingkosningum hér heima – en hvorki Sjálfstæðisflokknum né Vinstri grænum? Vegir kjósenda eru órannsakanlegir.

Þær leggja áherslu á að börn ættu aldrei að heyra neitt neikvætt um líkama sinn frá foreldrum, systkinum, ættingjum eða öðrum. „Þau geta tekið það mjög nærri sér, meira að segja þó það sé bara eitt orð eða eitt „djók“, segir Sigrún. „Athugasemdir varðandi vaxtarlag barna eða útlit eru ekki einungis óþægilegar fyrir þau og um leið vanvirðing, heldur getur það vakið mikinn kvíða hjá börnum, sér í lagi hjá þeim sem eru viðkvæm fyrir. Erfitt getur verið að eiga við stríðni í skólum og er það miður en við getum allavega styrkt þau heima fyrir og áréttað það við aðra fjölskyldumeðlimi að leggja áherslu á líkamsvirðingu og styrkleika barnanna frekar en veikleika. Öll börn hafa styrkleika og þó maður sé í offitu, þýðir það ekki að maður sé verri manneskja,“ segir Anna.

ÚTGEFANDI 365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Ólafur H. Hákonarson | olafurh@365.is | s. 699-5900
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson







**„Íslensk fjallalömb eru alin á hálendisgróðri og erfðabreytt fóður (GMO) er ólöglegt í íslenskri sauðfjárrækt. Mikil vakning er meðal neytenda á mikilvægi þess að velja hreinan og lítið unninn mat. Þessi vitundarvakning, ásamt öflugri markaðssetningu gagnvart erlendum ferðamönnum, skýrir líklega þá aukningu sem hefur orðið í sölu á íslensku lambakjöti," segir Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri sauðfjárbænda.**

# Íslenskt lambakjöt er í sókn

Það er góð ástæða fyrir því að íslenskt lambakjöt er til sölu í erlendum sérverslunum sem sérhæfa sig í hreinum og heilnæmum mat. **Íslensk fjallalömb** eru alin upp á hálendisgróðri auk þess sem erfðabreytt fóður er ólöglegt í íslenskri sauðfjárrækt.

Íslenskt lambakjöt er eitt hreinasta og næringarríkasta kjöt sem völ er á, segir Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri sauðfjárbænda, enda er það til sölu í erlendum sérverslunum á borð við Whole Foods sem sérhæfa sig í hreinum og heilnæmum mat.

Hann segir íslenskt lambakjöt ríkt af hollum ómega-3 fitusýrum, járni, steinefnum og B-, E- og D-vítamínum. „Íslensk fjallalömb eru alin á hálendisgróðri og erfðabreytt fóður (GMO) er ólöglegt í íslenskri sauðfjárrækt. Mikil vakning er meðal neytenda um mikilvægi þess að velja hreinan og lítið unninn mat. Þessi vitundarvakning, ásamt öflugri markaðssetningu gagnvart erlendum ferðamönnum, skýrir líklega þá aukningu sem hefur orðið í sölu á íslensku lambakjöti á innanlandsmarkaði.“

Sala á íslensku lambakjöti jókst um rúm 5 prósent á síðasta ári eftir samdrátt árin þar á undan og nú er skortur á ýmsum hlutum lambsins að sögn Svavars.

## Framsýnir bændur

Hann segir að þakka megi framsýni og staðfestu íslenskra bænda að bannað sé að nota hormóna eða vaxtarhvetjandi lyf í íslenskum landbúnaði. Notkunin sé hins vegar leyfð víða og í sumum Evrópulöndum keyri lyfjagjöf úr hófi fram. „Á stórbúum bæði vestan hafs og austan er fjölvirkum sýklalyfjum blandað í fóður til að örva vöxt og koma þau þá í stað vaxtarhvetjandi hormóna eða eru jafnvel notuð samhliða. Þessu til viðbótar eru sláturdýr víða alin á erfðabreyttu korni. Við ræktun þess er notað gríðarlegt magn af eitri eins og glýfósati og sú notkun eykst með hverju ári. Fleiri og fleiri sjá hið augljósa að þetta er skaðlegt fyrir umhverfið og getur varla verið gott fyrir fólk heldur, hvorki börn né fullorðna.“

Ítrekað hafi verið sýnt fram á að illgresiseitrið berist í fólk með fæðunni, segir Svavar. „Til að sneiða hjá þessu borgar sig að velja á diskinn lífrænar afurðir, villtan fisk, íslenskt grænmeti eða íslenskt lambakjöt.“



**Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri sauðfjárbænda.** MYND/GVA

## Neytendur meðvitaðri

Svavar segir meðvitaða neytendur um allan heim taka nú meira tillit til umhverfisfótspors þeirrar vöru sem þeir kaupa. Sífellt fleiri hafna því þeim eiturefnalandbúnaði sem megnið af erfðabreyttri ræktun í heiminum fellur undir. „Óhófleg sýklalyfjanotkun, ofnotkun á tilbúnum áburði, erfðabreytt fóður, eiturefni og illgresiseyðir skaða umhverfið. Þá fylgir mikil losun á gróðurhúsalofttegundum ýmissi matvælaframleiðslu, sérstaklega ef afurðirnar eru sendar heimshorna á milli. Íslenskur búskapur sem byggir á hefðbundinni beit hefur langtum minni loftslagsáhrif en erlendur stórbýlabúskapur þar sem korn er uppistaða fóðursins.“

ICELANDIC LAMB
ROAMING FREE SINCE 874

## Þjóðaréttur okkar

Þrátt fyrir að umhverfisfótspor íslenska lambakjötsins sé langtum minna en af flestu öðru kjöti í heiminum vinna nú sauðfjárbændur að því að kolefnisjafna alla greinina, segir Svavar. Það gerist með uppgræðslu, skógrækt og fleiri ráðum. „Kolefnisjöfnun, bann við erfðabreyttu fóðri, hormónum og vaxtarhvetjandi lyfjum gera það að verkum að umhverfisfótspor íslenska lambakjötsins er hverfandi í öllum samanburði.“

Allt þetta, ásamt þeirri staðreynd að kjötið sé hollt, gott og næringarríkt, er líklega ástæða þess að 74% þjóðarinnar töldu lambakjöt eða lambakjötsrétti vera þjóðarréttinn samkvæmt Gallupkönnun í fyrra, segir Svavar. „Siðlegir og umhverfisvænir búskaparhættir virðast þannig skila sér í aukinni lambakjötssölu til upplýstra neytenda.“

# Bragðgóður matur í 30 ár

**Kínahofið** í Kópavogi hefur boðið landsmönnum upp á fjölbreytt úrval af kínverskum mat í 30 ár. Nú hefur staðurinn verið opnaður aftur eftir breytingar og býður m.a. upp á girnilegt hádegishlaðborð alla daga vikunnar.

Veitingastaðurinn Kínahofið fagnar 30 ára afmæli á þessu ári en hann er sennilega elsti asíski veitingastaðurinn á höfuðborgarsvæðinu og þótt víðar væri leitað. Kínahofið var lengstum rekið af tveimur bræðrum en fyrir sex árum keypti núverandi eigandi, Karen Lien Nguyen, veitingastaðinn og hefur hún leitast við að bæta allt sem hægt er í rekstrinum.

„Eftir 30 ára starfsemi þurfti eðlilega að huga að ýmsum breytingum og endurnýjunum eins og eðlilegt er. Ég vildi stækka húsnæðið og þá myndaðist kjörið tækifæri til að taka allan staðinn í gegn. Nú hefur bókstaflega allt verið endurnýjað, t.d. í eldhúsinu, í veitingasalnum, á snyrtingunum og svo gefur nýi barinn okkar alveg sérstakan svip.“

Matseðill Kínahofsins er mjög langur og fjölbreyttur en hann hefur lítið breyst í áranna rás.



Nýi barinn setur skemmtilegan svip á útlit Kínahofsins. MYND/STEFÁN



Veitingasalurinn er rúmgóður og boðið er upp á hádegishlaðborð alla daga vikunnar. MYND/STEFÁN

„Við viljum ekki breyta of miklu vegna viðskiptavina okkar sem biðja oft um það sama ár eftir ár og líkar því eðlilega maturinn mjög vel.

Einkenni asískrar matargerðar er einna helst að þar allt er eldað ferskt og því er nánast ekkert tilbúið fyrirfram. Það felst mikil vinna í að skera niður hráefni og hafa tilbúið til eldunar en eldamennskan fer ekki fram fyrr en viðskiptavinur biður um ákveðinn rétt.“

### Hlaðborð alla daga

Sú nýbreytni er nú í boði hjá Kínahofinu að boðið er upp á hádegishlaðborð alla daga, einnig um helgar. „Hádegishlaðborðin eru vinsæl á virkum dögum hjá fjölbreyttum hópi viðskiptavina og svo er tilvalið fyrir fjölskyldur að nýta sér hlaðborð um helgar. Opnunartíminn er einnig breyttur og nú er veitingastaðurinn opinn frá kl. 11-22 alla daga vikunnar.“

Kínahofið er nýlega farið að bjóða upp á veisluþjónustu en þá mæta starfsmenn með réttina í hitabökkum á staðinn þar sem gestir geta skammtað sér að vild. „Þetta getum við gert fyrir fjölskylduboð, fyrirtækjaveislur eða vinahópa sem vilja breyta til. Einnig er hægt að panta alls kyns rétti af matseðli okkar og við setjum saman veislu með viðskiptavininum eftir hans óskum.“

**Nánari upplýsingar og fjölbreyttan matseðil má finna á www.kinahofid.is.**

# Alltaf með eitthvað hollt við höndina

Einkaþjálfarinn og flugfreyjan Gyða Erlingsdóttir setti sér það markmið að útbúa nesti fyrir hvern dag í upphafi árs. Hún ætlar að halda því áfram í Meistaramánuði. Hún segir að það geti verið krefjandi en að það geri henni kleift að hafa hollan mat við höndina allan daginn.

**Vera Einarsdóttir**
vera@365.is



Gyða Erlingsdóttir starfar sem flugfreyja hjá Icelandair og yfirþjálfari í Víkingaþreki í Mjölni. Hún er IAK þjálfari og Level II kettlebells instructor frá Steve Maxwell. Dagarnir eru oft annasamir hjá Gyðu. Henni líður best af hollum og næringarríkum mat og til að hann sé til taks þegar hún flýgur yfir höf útbýr hún nesti fyrir hvern dag. Gyða féllst á að svara nokkrum spurningum um mataræði og hreyfingu og gefa góð ráð.

**Hvað æfir þú oft í viku?** Ég æfi um það bil þrisvar til fimm sinnum í viku en það er þó mjög mismunandi eftir vikum. Þegar ég er að fljúga gefst minni tími. Þá er gott að kunna (og nenna!) að taka einfalda æfingu inni á hótelherbergi. Annars mæti ég í Mjölni og tek ýmist krefjandi víkingaþreksæfingu eða eitthvað mýkra eins og jóga.

**Hver er uppáhaldsæfingin þín?** Það er ekki einfalt að velja eina. Pínu eins og að eiga að gera upp á milli barnanna sinna. En ef ég ætti að nefna einhverja eina væri það líklega „swing“ með ketilbjöllu. Hún er svo margþætt og reynir bæði á styrk og úthald. Svo er planki líka frábær og vanmetin æfing sem hægt er að gera alls staðar og í mörgum útgáfum. Það ættu allir að planka í nokkrar mínútur á dag. Það styrkir til dæmis djúpu kviðvöðvana, axlir og bak og stuðlar að góðri líkamsstöðu.

**Aðhyllist þú eitthvert ákveðið mataræði?** Ég er alltaf að verða meðvitaðri um það hvað það sem við látum ofan í okkur hefur mikil áhrif á skapið, orkuna, svefninn og heilsuna almennt. Sem krakki gat ég borðað hvað sem var en samt haft orku til að hamast allan liðlangan daginn. Núna finn ég að mér líður langbest og hef mesta orku þegar ég borða hollan og góðan mat. Ég borða mikið af grænmeti, grófu brauði, ávöxtum, hollum kolvetnum og prótínum. Ég er þó alls ekki á einhvers konar ströngum matarkúr og fæ mér kökusneið eða súkkulaði þegar það er í boði ef mig langar til.



Gyða á erfitt með að gera upp á milli æfinga í uppáhaldi. Swing með ketilbjöllu er þó ofarlega á lista enda hefur hún margþætta verkun og reynir bæði á styrk og úthald. MYND/GVA

**Er eitthvað sem þú forðast?** Ég forðast ekkert eins og heitan eldinn nema það sem mér finnst vont eða líður illa af. Ég er svo heppin að finnast gos vont og óþægilegt í maga. Ég drekk eiginlega bara vatn, kaffi og te til skiptis. Ég sleppi því líka algjörlega að nota hvítan sykur í það sem ég útbý heima hjá mér. Ég nota heldur döðlur eða banana til að fá sætu í baksturinn. En annars er ekkert á neinum sérstökum bannlista.

**Getur þú lýst dæmigerðum matseðli yfir daginn?** Segjum að þetta sé dagur þar sem ég er ekki í flugi og hef góðan tíma til að græja mat.

*Morgunmatur:* Kaffi og bananapönnukökur (banani, hafrar og 2 egg hrærð saman og steikt)

*Hádegismatur:* Kínóa með svörtum baunum, sætum kartöflum og alls konar grænmeti. Mjög gott að setja tamari-sósu út í kínóað þegar það sýður til að fá gott bragð.

*Kvöldmatur:* Grófar tortillur með salsa, salati, restinni af hádegismatnum, oumph og guacamole.

*Desert:* Sjeik með banana- og hnetusmjörsbragði. Þetta er einn besti eftirréttur sem ég veit um. (Takið tvo frosna banana, 1,5 dl mjólk (ég nota haframjólk), 4 döðlur og stóra matskeið af hnetusmjöri. Setjið allt í góðan blandara eða matvinnsluvél og blandið vel saman).

**Hvað borðar þú milli mála?** Mér finnst mjög gott að græja tvö lítil nestisbox fyrir millimál yfir daginn. Í annað þeirra set ég niðurskorið grænmeti eins og gulrætur, blómkál, papriku, tómata eða bara það sem ég á í ísskápnum. Í hitt boxið set ég blöndu af alls konar hnetum og fræjum og yfirleitt smá súkkulaði með. Svo er ég alltaf með banana og epli í nestistöskunni.

**Hefur þú sett þér markmið fyrir Meistaramánuð?** Ég strengdi þess heit um áramótin að útbúa nesti fyrir hvern dag og ætla að halda því áfram í Meistaramánuði. Þetta hljómar kannski eins og lítið og létt markmið en það getur verið mjög krefjandi þar sem sumir dagar hefjast klukkan sex, ef ég á að mæta í morgunflug, og klárast ekki fyrr en 21 ef ég er að þjálfa. Þetta krefst því fyrirhyggju en gerir mér kleift að hafa hollan og góðan mat við höndina allan daginn og heldur mér frá skyndibitanum og flugvéla-baguettum.

**Er átak á borð við Meistaramánuð gagnlegt fyrir þá sem huga að heilsunni?** Átak getur reynst vel til að koma sér upp venjum sem eru góðar fyrir heilsuna. Það þarf samt að passa að hafa markmiðin í hvers kyns átaki raunhæf og að ætla sér ekki að breyta of miklu í einu. Meistaramánuður gefur fólki líka tækifæri til að segja öðrum frá markmiðum sínum sem hjálpar til við að halda þau út.

**Lumar þú á einhverjum góðum heilsuráðum?** Já. Ég hef komist að því af eigin reynslu að besta leiðin til að bæta heilsuna er ekki að banna sér hitt og þetta heldur að koma nýjum venjum inn í rútínuna. Í stað þess að segja: „Í febrúar ætla ég ekki að borða nammi,“ er til dæmis betra að segja: „Í febrúar ætla ég að borða fimm skammta af ávöxtum og grænmeti á hverjum degi.“ Smám saman kemur svo góða venjan inn í staðinn fyrir hina.



OFUR SALAT
HIN HEILAGA ÞRENNA
RAUÐRÓFUBLAÐ
BABY SPÍNAT
BABY GRÆNKÁL
Holt & Gott
ORKU ÞRENNA
Það er leitun að matvæli sem er jafn næringarríkt af vítamínum, steinefnum, andoxunarefnum, hollum plöntuefnum og þessi þrenna. Hafðu **Orku þrennuna** á boðstólnum alla daga sem salat, í boostið eða grænmetisréttinn – Líkami þinn á það skilið.
**Andoxunarefni • Járn • Steinefni • Fólatin • Kalk • A, K, B6 C-vítamín.**
Allt um Orku þrennuna á **holltoggott.is**
Framúrskarandi fyrirtæki
Holt & Gott
SVARTHOLID.IS / FÍT / 02.2017

# Reynir að ná æfingafélögunum

**Unnur Guðrún Pálsdóttir**, eða Lukka í Happi, er ein þeirra fjölmörgu sem taka þátt í Meistaramánuði í febrúar. Hún gerir gott betur en aðrir og hefur búið til tvö dagatöl fyrir átakið, annað fyrir sig persónulega og hitt er uppskriftadagatal með nýrri og girnilegri uppskrift fyrir hvern dag.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



Lukka segist hafa smitast af æfinga- og keppnisgleði Brynhildar Róbertsdóttur og Róberts Marshall fyrir ári. Þá fór hún að stunda fjölbreytt útisport með FÍ Landvættum eins og gönguskíði, vatnasund, hjólreiðar og náttúruhlaup. „Það er ótrúlega gaman og gefandi að ferðast um landið með þessu skemmtilega fólki en þau hlaupa öll og synda hraðar en ég svo ég ákvað að spýta í lófana og taka Meistaramánuð með trompi svo ég geti reynt að ná þeim," segir Lukka glaðlega.

Helstu markmið Lukku í átakinu tengjast því að bæta bæði mataræði og hreyfingu. „Ég ákvað að stunda fjölbreytta hreyfingu og borða Happ-mat fimm daga vikunnar. Það er sannfæring mín að ef við tökum okkur saman í andlitinu og hendum út sykri og óhollustu fyrir hollari mat þá spörum við milljarða á milljarða ofan fyrir Óttar og Benedikt. Hollar lífsvenjur er besta fjárfesting í heimi."

En ákvað hún að reyna eitthvað nýtt í mánuðinum? „Já, það er mér mikilvægt að vera alltaf að prófa eitthvað nýtt og ég er nýbyrjuð að sækja tíma í Sólum jógasetri, sem heita hreyfiflæði GMB og eru algjör snilld. Krefjandi hreyfing ólík því sem ég hef stundað áður með áherslu á líkamsbeitingu og líkamsstjórn," svarar Lukka og telur að það að skrifa niður markmið sín í Meistaramánaðardagatalið muni örugglega hjálpa henni að halda út.

### Girnilegar uppskriftir

Lukka bjó einnig til sérstakt dagatal með uppskriftum fyrir hvern dag. „Það var haft samband við okkur hjá Happi um að taka saman rétti sem gætu hjálpað fólki að ná markmiðum sínum og það var auðsótt," segir Lukka en uppskriftirnar má finna á meistaramanudur.is.



Unnur Guðrún Pálsdóttir.



Fiskisúpa með kókosrjóma og túrmeriki.

### FISKISÚPA MEÐ KÓKOSRJÓMA OG TÚRMERIKI

**fyrir 4**

**2 msk. jarðhnetuolía**
**1 dl kasjúhnetur**
**1 hvítlauksrif, saxað (má sleppa)**
**5 cm bútur af engifer, saxað**
**1 stórt rautt chili, fræhreinsað ef vill og skorið í örþunnar ræmur**
**1 handfylli ferskt kóríander, lauf týnd frá og söxuð og stilkar einnig saxaðir**
**2 litlir laukar, fínsaxaðir**
**1 msk. fennelfræ**
**1 msk. kóríanderfræ**
**1 tsk. túrmerik**
**1 l fiskisoð eða sama magn af vatni með fiskikrafti eða grænmetiskrafti**
**3 dl kókosrjómi**
**1 msk. hrásykur**
**Safi úr tveimur límónum**
**300 g risarækjur**
**500 g hvítur fiskur, sem er fastur í sér, t.d. lúða, skorinn í munnbita**
**200 g lax eða silungur, skorinn í munnbita**
**Sjávarsalt, eftir smekk**
**Svartur pipar, eftir smekk**

**Hugmyndir að meðlæti**

- **Happ-flatbrauð**
- **Ristaðar kókosflögur**
- **Kasjúhnetur**
- **Þunnskorið rautt chili**
- **Vorlaukur í þunnum sneiðum**
- **Límónubátar**



Hitið 1 msk. af olíu í potti og brúnið kasjúhnetur. Setjið til hliðar.

Steikið hvítlauk, engifer og chili í sama potti í fáeinar mínútur. Takið úr pottinum og setjið í mortél eða matvinnsluvél ásamt kasjúhnetunum og söxuðum kóríanderstilkum. Geymið.

Hitið seinni msk. af olíunni og mýkið laukinn á meðalhita í 10-15 mínútur.

Myljið fennelfræ og kóríanderfræ í mortéli eða með hnífsblaði. Bætið þessu síðan við laukinn ásamt túrmeriki. Steikið í 2 mínútur eða svo.

Setjið helminginn af kryddmaukinu saman við ásamt soðinu og kókosrjómanum.

Bætið sykri, salti og pipar saman við eins og þurfa þykir. Látið sjóða í 10 mínútur eða svo.

Setjið þá restina af kryddmaukinu saman við ásamt límónusafa. Smakkið til og látið suðuna koma upp.

Saltið og piprið sjávarfangið og setjið síðan saman við súpuna. Sjóðið í 3 mínútur eða svo.

Látið kóríanderlauf saman við og berið strax fram. Gott er að bera súpuna fram eina sér eða með einhverju af þeim hráefnum sem stungið er upp á sem meðlæti.

## HEILSTEIKTUR LAMBAHRYGGUR AÐ HÆTTI BURGUNDY-BÚA



Úlfar Finnbjörnsson.

Hér gefur meistarakokkurinn Úlfar Finnbjörnsson gómsæta uppskrift að heilsteiktum lambahrygg að hætti Burgundy-búa.

**1 lambahryggur**
**salt og nýmalaður pipar**
**1 tsk. tímíanlauf**
**1 tsk. rósmarínnálar**
**2 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir**

Skerið 2 cm djúpar rákir ofan í fituna á hryggnum með 1 cm millibili. Saltið hrygginn og kryddið með pipar, tímíani, rósmaríni og hvítlauk. Færið hrygginn í ofnskúffu og setjið í 180°C heitan ofn í 50 mín. Berið hrygginn fram með sósunni og t.d. steiktu grænmeti og kartöflum.

**Burgundy-sósa**

**2 dl rauðvín**
**2 msk. olía**
**10 litlir sveppir**
**10 skalotlaukar**
**2 beikonsneiðar, skornar í 2 cm bita**
**1 tsk. tímíanlauf**
**2 lárviðarlauf**
**1 tsk. tómatmauk**
**3 dl vatn**



Heilsteiktur lambahryggur að hætti Burgundy-búa með gómsætri sósu og grænmeti. MYND/ KRISTINN MAGNÚSSON OG KARL PETERSON.

**1 tsk. lambakjötskraftur**
**Sósujafnari, salt og nýmalaður pipar**

Hellið rauðvíni yfir hrygginn þegar hann er búinn að vera í ofninum í 40 mín. og leyfið honum að bakast áfram í 10 mínútur. Hellið þá rauðvíninu úr ofnskúffunni í skál og veiðið alla fitu ofan af. Hitið olíu í potti og látið sveppi, lauk og beikon krauma í 3 mínútur. Bætið þá rauðvíninu í pottinn, ásamt tímíani, lárviðarlaufum og tómatmauki, og sjóðið niður um þriðjung. Setjið vatn og lambakraft saman við, þykkið með sósujafnara. Bragðbætið með salti og pipar.





## Bráðholl súpa

Rauðrófur eru afar hollar enda stútfullar af næringar- og plöntuefnum. Hægt er að matreiða þær á marga vegu, m.a. nota til súpugerðar. Hér er uppskrift að rauðrófusúpa með fenneli og kúmeni.

**Fyrir 4-5**

**2-3 msk. ólífuolía**
**200 g laukur**
**100 g sellerí**
**100 g gulrætur**
**50 ml hvítvínsedik**
**2 lítrar vatn/ grænmetiskraftur/ kjúklingakraftur**
**1 kg rauðrófur**
**1 msk. kúminfræ**
**1 msk. fennelfræ**
**3-4 lárviðarlauf**
**Sjávarsalt**
**Hvítur pipar**
**Sýrður rjómi ef vill**

Laukur, gulrætur og sellerí skorið fremur smátt og sett í pott ásamt ólífuolíu og ögn af sjávarsalti. Haft á meðalhita þar til grænmetið hefur linast ögn. Hvítvínsediki bætt í pottinn og látið gufa aðeins upp áður en vatninu/grænmetiskraftinum er bætt saman við.

Rauðrófur skornar í bita og bætt í pottinn. Það á að vera nægilegt vatn/kraftur til að fljóti yfir grænmetið. Lárviðarlaufum, fennelfræjum og kúminfræjum bætt saman við ásamt örlitlu sjávarsalti og hvítum pipar. Látið krauma þar til grænmetið er orðið vel soðið. Lárviðarlaufin eru veidd úr og súpan maukuð. Smökkuð til með salti og pipar ef þarf. Borin fram með sýrðum rjóma ef vill.

***Höfundur uppskriftar:*** *Sigurveig Káradóttir.* ***Heimild:*** *islenskt.is.*



## Hollur íspinni

Hollur og ferskur ís sem hægt er að eiga í frystinum fyrir börnin. Hægt er að breyta um bragð með því að setja annars konar ávexti í ísinn. Þessi uppskrift ætti að duga í sex pinna.

**1 dós létt kókósmjólk**
**3 msk. chiafræ**
**Rifinn börkur af 1 límónu**
**Safi úr ¼ límónu**
**½ mangó**

Blandið saman kókosmjólk og chiafræjum. Látið standa í fimm mínútur. Skrælið mangó og setjið í matvinnsluvél.

Setjið rifinn límónubörk saman við kókósmjólina ásamt límónusafa. Hellið blöndunni í íspinnamót upp að 3/4. Setjið því næst mangóblönduna og fyllið formið. Einnig má blanda mangóinu saman við kókosmjólkina en það er fallegt að hafa íspinnann í tveimur litum.

## KÚRBÍTSFLÖGUR Í OFNI

**1 stór kúrbítur, skorinn í þunnar sneiðar**
**1/3 bolli gróft brauðrasp**
**¼ bolli parmesan rifinn smátt**
**¼ tsk. svartur pipar**
**Koshersalt eða sjávarsalt eftir smekk**
**1/8 tsk. hvítlauksduft**
**1/8 tsk. cayennepipar**
**3 msk. léttmjólk**

Hitið ofninn í 220 gráður.

Blandið í skál, brauðraspi, parmesanosti, pipar, salti, hvítlauksdufti og cayennepipar. Dýfið kúrbítssneiðunum í mjólk og veltið svo upp úr þurrblöndunni. Þrýstið þurrblöndunni ofan í sneiðarnar með fingrum svo hún tolli við. Raðið sneiðunum á ofnplötu ofan á bökunarpappír og spreyið létt yfir með olíuspreyi.

Ef sneiðunum er raðað á grind skal setja bökunarpappír undir.

Bakið í 15 mínútur, snúið þá sneiðunum við og bakið í um 10 mínútur í viðbót. Látið kólna og geymið í loftþéttum umbúðum.





## DISKURINN ER GOTT VIÐMIÐ FYRIR ALLAR MÁLTÍÐIR

Á einum þriðja af disknum ætti alltaf að vera grænmeti og eða ávöxtur, einn þriðji kolvetnagjafar á borð við gróft kornmeti, bygg, hafra, heilkorna brauð, heilhveitipasta og kartöflur og einn þriðji próteingjafar eins og fiskur, kjöt, egg, baunir eða mjólkurmatur. Með hækkandi aldri má auka grænmetisskammtinn og láta hann taka yfir hluta af plássi annarra kolvetnagjafa enda gefur grænmetið líka kolvetni.

Börn þurfa að borða reglulega yfir daginn; morgunmatur, hádegismatur og kvöldmatur ættu að vera fastir liðir og flest börn þurfa eitthvað í gogginn á 2 til 3 klukkustunda fresti. Það kallar á millibita milli máltíða bæði að morgni og síðdegis. Auðveldara er að fá börn til að borða vel ef kvöldmaturinn er snemma og þá komum við í veg fyrir nartið síðdegis.

Diskamódelið ætti að hafa í huga í hvert sinn sem borðað er. Þannig ætti grænmeti eða ávöxtur að vega þungt í hvert skipti sem eitthvað er borðað, og hentar vel einnig vel milli mála ef svengdin kallar ekki á eitthvað meira.





## Fimm kostir grískrar jógúrtar

Grísk jógúrt nýtur mikilla vinsælda um þessar mundir. Á vefsíðunni authoritynutrition.com eru taldir upp fimm kostir grískrar jógúrtar.

1. **Hún hefur hærra próteininnihald**
   Í grískri jógúrt eru 9 grömm af próteini í 100 g. Það er þrisvar sinnum meira en í venjulegri jógúrt.
2. **Hún er kolvetnasnauðari**
   Grísk jógúrt er búin til með því að fjarlægja mysu úr venjulegri jógúrt, en í mysu er laktósi/mjólkursykur. Því er grísk jógúrt með færri kolvetni en sú hefðbundna.
3. **Hún þykir góð í maga**
   Líkt og hefðbundin jógúrt eru í grískri jógúrt hollar bakteríur sem eru góðar fyrir heilsuna, sér í lagi fyrir meltingarstarfsemina.
4. **Grísk jógúrt er uppspretta B12-vítamíns**
   B12 er mikilvægt vítamín sem hefur áhrif framleiðslu rauðra blóðkorna og starfsemi taugakerfisins. Grísk, líkt og hefðbundin, jógúrt er rík af B12-vítamíni.
5. **Minni laktósi**
   Margir hafa óþol fyrir laktósa/mjólkursykri en geta þolað lítið magn af því í fæðu. Þar sem grísk jógúrt inniheldur lítinn mjólkursykur er hún betri kostur fyrir þá sem hafa óþol.



## Fjölbreytt nesti í skóla og vinnu

Niðurskornir ávextir, grænmeti og grófmeti er tilvalið í nestisboxið, ásamt eggjum og lófafylli af þurrkuðum ávöxtum á borð við mangó, rúsínur, gráfíkjur og döðlur, að sjálfsögðu án viðbætts sykurs. Hnetur eru líka góður kostur en hafa ber í huga að á mörgum stöðum eru þær ekki leyfðar vegna ofnæmis.

Hrökkbrauð með fræjum, sólkjarnabrauð, gróft brauð, hummus og fleira í þeim dúr er einnig gott að hafa í nesti. Forðast ætti sykraða mjólkurdrykki, safa, orkudrykki, próteinstangir og orkustangir, ekki síst ef nestið er ætlað börnum.






Eftir að bækurnar okkar **Heilsuréttir fjölskyldunnar** og **Nýir heilsuréttir** komu út kom í ljós að fólk hefur því miður ekki alltaf tíma til þess að elda næringarríkan mat frá grunni eins og það vildi gera, m.a. til þess að forðast aukaefni og of mikinn sykur. Þannig að fljótlega varð okkar næsta verkefni að búa til heilsurétti án aukaefna, viðbætts sykurs, eins og maturinn væri í raun matreiddur í eldhúsinu heima, en samt hægt að kaupa tilbúna úti í búð. Nú eru komnir tveir nýir réttir frá okkur, **Grænmetispottréttur með viðbættu Omega-3** og **Fiskibollur með viðbættu Omega-3.** Bragðgóðir réttir, fullir af þarflegum næringarefnum.

*Bestu kveðjur, Berglind og Siggi.*



# SKRIFSTOFUHÚSGÖGN





## GLÆSILEGT ÚRVAL OG FRÁBÆRT VERÐ







## ALHLIÐA LAUSNIR



SYRUSSON

**Syrusson Hönnunarhús**

Síðumúla 33 | sími: 588-4555 | www.syrusson.is | syrusson@syrusson.is







Strákarnir hjá Inklaw gera fatalínu fyrir stráka sem Justin Bieber og fleiri stjörnur hafa fallið fyrir. Þeir eru Christopher Cannon, Guðjón Geir Geirsson, Róbert Elmarsson og Anton Birkir Sigfússon.

# INKLAW SÝNIR Á RFF

Strákarnir sem standa á bak við fatamerkið Inklaw verða meðal sýnenda á RFF, Reykjavik Fashion Festival, sem fram fer í Hörpu dagana 23. til 25. mars. Guðjón Geir Geirsson segir það mikinn heiður.

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



Frá því að æskuvinirnir Guðjón Geir Geirsson og Róbert Elmarsson ákváðu að setja á fót eigin tískulínu fyrir stráka árið 2014 hefur margt gerst í lífi þeirra. Verkefnið hefur undið upp á sig eftir því sem fötin frá Inklaw verða vinsælli. Ekki sakar að Justin Bieber er einlægur aðdáandi auk margra annarra þekktra tónlistar- og íþróttamanna. Guðjón getur ekki neitað því að þegar heimsfrægar stjörnur sjáist í Inklaw-fötum frá Íslandi veki það mikla athygli á hönnuninni.

Tveir félagar Guðjóns og Róberts hafa bæst við í reksturinn eftir stofnunina, Anton Birkir Sigfússon í framkvæmdastjórn og Christopher Cannon í framleiðslu- og hönnunarteymi. Guðjón segir að þeir séu nú loks að sjá afrakstur brjálaðrar vinnu og geti lifað af starfinu. „Það tekur langan tíma að koma fatalínu á markað. Við höfum verið heppnir hversu fljótt við komumst á kortið. Þess vegna verður einstaklega skemmtilegt að fá tækifæri til að sýna fatalínuna á RFF. Þangað koma margir mikilvægir gestir að utan. Við höfum hug á að færa út kvíarnar og selja vörur okkar í búðum erlendis en hingað til hafa þær eingöngu verið fáanlegar á netsíðunni okkar,“ segir hann en þetta er í fyrsta skipti sem fatnaður Inklaw er með á sýningunni.

Guðjón segir að vinnudagarnir séu langir hjá þeim félögum og oft er unnið fram á nótt. „Núna erum við á fullu við að gera okkar fyrstu alvöru vörulínu sem verður frumsýnd á RFF og ég get lofað því að þar verður margt áhugavert. Við höfum eiginlega verið nær eingöngu með svartan og hvítan lit en ætlum að hafa aðeins bjartara yfir línunni. Við erum rosalega stoltir af því að fá þetta tækifæri og munum leggja okkur alla fram. Á svona sýningu eins og RFF eru mörg tækifæri og við ætlum að koma með „sprengju“, þetta verður alvöru,“ segir Guðjón og bætir við að það verði hellingur af nýju frá Inklaw. „Við erum búnir að átta okkur á því hvað viðskiptavinir okkar vilja og munum sýna allt okkur besta,“ segir hann.

„Viðskiptavinirnir eru flestir á aldrinum 13-30 ára. Hins vegar höfum við einnig séð þá eldri, allt upp í fimmtugt,“ segir Guðjón. „Við fáum oft spurningar um hvort við ætlum að hanna dömulínu og kannski hugum við að því í framtíðinni. Það eru hins vegar margar stelpur sem vilja ganga í strákafötum og kaupa fötin okkar. Kærastan mín gengur til dæmis í fötum frá Inklaw enda er margt af þessu unisex. Strax að loknu RFF munum við verða með nýja línuna í vefversluninni okkar,“ segir Guðjón. Þeir félagar fá oft fyrirspurnir frá umboðsmönnum þekktra tónlistarmanna víða um heim. „Ég verð að viðurkenna að þegar stórstjörnur kaupa fötin okkar er mikil gleði í vinnunni og við fögnum því,“ segir hann. „Þessi vinna er það besta sem ég hef gert í lífinu. Ef maður hefur trú á verkefninu þá gengur það upp.“



Guðjón Geir Geirsson við saumavélina. Hver flík er handgerð og því sérstök.



Fötin hjá Inklaw falla í kramið hjá stjörnunum.






# Þroskandi barnabækur

Óðinsauga

**Nýjar spjaldabækur**







## Íhhíhhrrr!

Krúttlegar ungbarnabækur með hringlandi augu sem halda vel athygli barna.

## Muuu!

Bækurnar um litla hestinn og litlu beljuna eru komnar í bókabúðir.

## *Fyndin skrímsli*

*Í þessari segulmögnuðu bók geta börn búið til hundruð fyndin skrímsli!*
Með meira en fjörutíu augu, nef, munna og fleira til að velja úr. Hægt er að setja segulhlutina á tíu ólík andlit. Hér fær sköpunargleði barna að njóta sín og allir í fjölskyldunni geta tekið þátt. Hverjum tekst að búa til fyndnasta skrímslið?



# BÍLAR & FARARTÆKI

**BÍLAHÖLLIN**
**S: 567-4949**



TOYOTA Aygo x-play. Árgerð 2016, ekinn 1 Þ.KM, bensín, 5 gírar. iPod tengi. Verð 1.890.000. Rnr.151678.



PORSCHE Cayenne s. Árgerð 2007, ekinn 102 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Ný nagladekk. Ný sumardekk. Verð 3.950.000. Rnr.288591.



TOYOTA Hilux d/c, sr 3.I 33". Árgerð 2015, ekinn 23 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Gluggahlífar. Dráttarkrókur. Heithúðun á palli. Verð 7.490.000. Rnr.151641.



TOYOTA Land cruiser 150 vx series 33". Árgerð 2016, ekinn 5 Þ.KM, dísel, Sjálfskiptur. Motta í skotti.33" breyting. Dráttarkrókur. Bakkmyndavél. Verð 11.290.000. Rnr.151649.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

## Bílar til sölu



Clio'03 ekinn 110.000-km. Skoðaður '18. Nýleg tímareim. Ásett 390 Fæst á 300.000-kr. Uppl. í S:779 2416

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Hjólbarðar

**VAKA**



**NÝJU ŞAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Líka úrval notaðra dekkja. Töku notuð uppí ný. Vaka s. 5676700

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 858 3300

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

Símaspá, spái í spil. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella. Geymið auglýsinguna

**SÁ SÍMASPÁ Í**
**S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

## Rafvirkjun

**Uppsetning og Þjónusta**
Ljósleiðara/Ljósnetstengingum
Loftnets/Gerfihnattadiskum
Sjónvarps/Netlagnir
Flatskjáir/Mynvarpar
Loftnetstaekni.is
S: 894 2460.

**DYRASÍMAR, LJÓS-NET.**
**777 4944**
Viðgerðir og endurnýjun. Rafeindameistarinn ehf

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði óskast

Hús óskast til leigu helst á höfuðborgarsv. en má vera á suður eða vesturlandi. 250-350 þús á mán. Fyrirfram og/eða trygging, langtíma upp: 6996762/Tómas

## tilboð

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



**Tilboð í febrúar**
**Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir á aðeins 5.000.- kr.**
**Meðferðin tekur 45 mín.**
*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart



## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**DEVITOS PIZZA**
Óskar eftir pizzabakara. Eldri en 18 ára full vinna.
**Uppl. í s. 7761142 nizlouzir@gmail.com**

**NONNABITI**
Starfsmaður óskast í Reykjavík og Kópavog í hlutastarf/fullt starf. Reyklaus. Ath vaktarvinna.
**Sendið umsókn á nonnabiti@nonnabiti.is eða á stöðunum.**

**LEKSKÓLINN UNDRALAND EHF. - HLUTASTARF**
Lítill einkarekinn leikskóli í vesturbæ Kópavogs leitar að jákvæðum og duglegum starfsmanni frá 14-17 fjóra daga í viku.
**Allar uppl. í síma 554-0880**

## Atvinna óskast

Ég er strákur á 20. ári í atvinnuleit, er vanur flestu S. 775 2507, Elmar.

## námskeið

# Létt og skemmtileg spænskunámskeið

**Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.**

**Byrjendanámskeið**
Þriðjudaga og fimmtudaga 13:00 - 14:30
Þriðjudaga og fimmtudaga 17:30 - 19:00
Þriðjudaga og Fimmtudaga 19:15 - 20:45

**Framhaldsnámskeið spænska II**
Mánudaga og miðvikudaga 13:00 - 14:30
Mánudaga og miðvikudaga 17:30 - 19:00
Mánudaga og miðvikudaga 19:15 - 20:45

**Framhaldsnámskeið spænska III**
Mánudaga og miðvikudaga 10:00 - 11:30

**Framhaldsnámskeið spænska IV**
Þriðjudaga og Fimmtudaga 11:00 - 12:30



Spænskuskólinn HÁBLAME

**Námskeiðin hefjast 13 og 14. febrúar.**
**Verð á mann 25.500.-**

**Upplýsingar í síma 698 5033 eða spaenskuskolinnhablame@gmail.com**
***Facebook: Spænskuskólinn Háblame***






# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**Er vandamál með neysluvatnið?**
Við ástandsskoðum, hreinsum og fóðrum neysluvatnslagnir.
HREINAR LAGNIR
Varanlega vörn gegn tæringu, ryðmyndun, stíflu og leka.
S: 519-6480
hreinarlagnir.is

**Dáleiðsla**
Hætta að reykja, betri svefn, léttast/þyngjast, og láta sér líða betur á margan annan máta.
Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. og dáleiðslufræðingur
s. 864 2627 • bernhoft@gmail.com

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?
HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 512 5407 | thjonusta@365.is

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur


**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Stigahlíð 8.** 3ja herbergja íbúð með suðursvölum

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Björt og vel skipulögð 83,6 fm. íbúð á 3. hæð að meðtalinni sér geymslu í kjallara á þessum eftirsótta stað við Stigahlíð. Svalir til suðurs. Stofan er nýtt bæði sem borðstofa og setustofa og er nóg pláss til þess. Fallegar uppgerðar innréttingar í eldhúsi. Tvö rúmgóð herbergi. Gler og gluggar eru í góðu ástandi og raflagnir og tafla hafa verið endurnýjuð. **Verð 38,9 millj.**




**OPIÐ HÚS**
**laugardaginn 11.febrúar kl 14.00-16.00**

Fallegt og vel skipulagt 101,6 fermetra heilsárshús auk ca. 9 fermetra úti geymslu á lóð og ca. 30 fermetra svefnlofts.

Húsið stendur á 4.900 fermetra leigulóð með glæsilegu útsýni í landi Syðri Reykja í Bláskógarbyggð.

Stutt er í alla þjónustu og afþreyingu: Sundlaugar, golfvelli, Gullfoss, Geysi osfr.

Frá stofu er útgengt á ca. 150 fermetra timburverönd með heitum potti.

Verð: **34,9 millj.**



Bókaðu skoðun
**Páll Þórólfsson**
aðstm. fasteignasala
sími: 893 9929
pall@miklaborg.is



**Gunnar S. Jónsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## atvinna

ZIKZAK TÍSKUHÚS

**Sölu- og þjónustustarf**

Við leitum að hressum og skemmtilegum samstarfskonum til þess að slást í hópinn með okkur um **helgar og í afleysingar og sumarvinnu.**

**Vinnutími laugardaga 10-18 og sunnudaga 13-18. Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax.**

Umsóknir má senda á netfangið **zikzak@internet.is**

## tilkynningar

**Auglýsing um skipulagsmál í Skaftárhreppi**
**Skipulags- og byggingarfulltrúi**

Í samræmi við 41.gr.skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulag.

**Deiliskipulag – Hestamannasvæði á Stjórnarsandi**

Auglýst er tillaga deiliskipulags fyrir Skaftárhrepp og Hestamannafélagið Kóp. Um er að ræða nýtt hesthúsasvæði á stjórnarsandi á Kirkjubæjarklaustri. Innan hesthúsahverfis verður Skeiðvöllur og reiðhöll. Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag Skaftárhrepps.

Tillögur þessar liggja frammi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps, Klausturvegi 10 , 880 Klaustur og á heimasíðu Skaftárhrepps www.klaustur.is. frá 9. febrúar 2017 til og með 27. mars 2017. Athugasemdir ef einhverjar eru skal skila skriflega á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10 , 880 Kirkjubæjarklaustri eða í tölvupósti á bygg@klaustur.is. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út mánudaginn 27.mars 2017.

*Vigfús Þór Hróbjartsson*
*Skipulags og byggingarfulltrúi*
*Mýrdalshreppur*

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi
**www.hagvangur.is**

» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

- **Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

- **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

- **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

- **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

- **Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!




**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



2 MARAÞON NOW
Tilnefnd til
Edduverðlaunanna 2017
BORGARSTJÓRINN
LEITIN AÐ UPPRUNANUM
RAPP Í REYKJAVÍK
BORGARSTJÓRINN
PÉTUR JÓHANN SIGURÐSSON
LEIKARI Í AUKAHLUTVERKI
LEITIN AÐ UPPRUNANUM
FRÉTTA- EÐA
VIÐTALSÞÁTTUR ÁRSINS
RAPP Í REYKJAVÍK
MENNINGARÞÁTTUR
ÁRSINS
BORGARSTJÓRINN
LEIKIÐ
SJÓNVARPSEFNI
LEITIN AÐ UPPRUNANUM
SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR
SJÓNVARPSMAÐUR ÁRSINS
LEITIN AÐ UPPRUNANUM
SJÓNVARPSEFNI
ÁRSINS
Tryggðu þér áskrift að
2 MARAÞON NOW
fyrir aðeins
100 kr. á dag
á 2now.is
Þættir Stöðvar 2 sem tilnefndir voru til
Eddunnar í ár hafa bæst við safnið á
STÖÐ 2 MARAÞON NOW,
auk fjölmargra vandaðra Óskarsverðlaunamynda.
ZERO DARK THIRTY
GRAVITY
DALLAS BUYERS CLUB
THE HURT LOCKER
AMERICAN SNIPER
THE IRON LADY
Precious
SEARCHING FOR SUGAR MAN
| 2now.is
365

## MERKISATBURÐIR

**1788** Jósef II lýsir stríði á hendur Tyrklandi fyrir hönd Austurríkis.
**1849** Lýst er yfir stofnun lýðveldisins Rómar undir stjórn Giuseppe Mazzini.
**1962** Jamaíka verður sjálfstætt ríki innan Breska samveldisins.



**1964** Bítlarnir koma fram í fyrsta sinn í beinni útsendingu í amerísku sjónvarpi í skemmtiþætti Eds Sullivan.
**1971** Jarðskjálfti í grennd við Los Angeles í Bandaríkjunum verður a.m.k. 64 að bana.
**1984** Maður með lambhúshettu rænir útibú Iðnaðarbankans í Breiðholti og kemst undan með 400.000 krónur.
**1991** Um það bil 90 prósent kjósenda í Litháen kjósa að rjúfa tengslin við Sovétríkin.



**Gunnar afhenti Þórunni viðurkenningarskjal frá Austurfrétt, bókina Hesta eftir Pétur Behrens og gjafabréf fyrir tvo á Gistihúsinu á Egilsstöðum.**

# Var með yfirburði í kjörinu

**Þórunn Ólafsdóttir frá Fáskrúðsfirði var kosin Austfirðingur ársins 2016 af lesendum Austurfréttar og var afhent viðurkenning í vikunni. Þórunn var kosin bæði fyrir störf sín til hjálpar flóttamönnum og fyrir pistil sinn um kynferðislega áreitni.**

„Hún hafði mikla yfirburði í kjörinu en þetta voru átta pör eða einstaklingar sem hægt var að kjósa á milli í ár. Hún rúllaði þessu upp," segir ritstjóri Austurfréttar, Gunnar Gunnarsson, en hann veitti Þórunni Ólafsdóttur viðurkenninguna Austfirðingur ársins 2016.

„Við byrjum á að láta fólk tilnefna þá sem koma til greina og rökstyðja af hverju viðkomandi hafa skarað fram úr á árinu. Svo setjum við könnun á netið," segir Gunnar um kosningaferlið. „Hún var einnig tilnefnd í fyrra og var með drjúgan hluta atkvæða þá en ekki hlutskörpust í það sinn."

Þórunn var kosin Austfirðingur ársins 2016 annars vegar vegna hjálparstarfs síns með flóttamönnum og hins vegar fyrir að vekja athygli á kynferðislegri áreitni í garð fiskvinnslufólks.

> **Hún var einnig tilnefnd í fyrra og var með drjúgan hluta atkvæða.**

Þórunn skrifaði í mars á seinasta ári grein um kynferðislega áreitni sem viðgekkst á hennar fyrsta vinnustað, í fiskvinnslu Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði, og í fréttatilkynningu frá Austurfrétt kemur fram að Þórunn hafi verið hikandi við að birta hana. „Mér fannst mjög ógnvekjandi að birta hana, var með hnút í maganum og svaf lítið nóttina áður en hún birtist. Viðbrögðin eiga það til að verða ofsafengin þegar stungið er á svona kýli."

Eins talaði hún um starf sitt með flóttamönnum í fréttatilkynningunni. „Annars vegar sýnir þessi viðurkenning að málefni fólks á flótta eru samfélaginu hugleikin og það þykir mér gott. Persónulega finnst mér hjálparstarfið mjög sjálfsagður hlutur og ég hef sagt það áður að mér þyki smá ógnvekjandi þegar þessi borgaralega skylda að hjálpa öðrum sé orðin að einhvers konar hetjudáð," sagði Þórunn, sem er formaður samtakanna Akkeris sem aðstoða og vekja athygli á málefnum flóttafólks.

Þetta mun vera í fimmta sinn sem Austurfrétt stendur fyrir kosningu um Austfirðing ársins. „Við veljum Austfirðinga í breiðu samhengi, þetta snýst ekki endilega um að fólk búi hérna á svæðinu, Þórunn er t.d. uppalin hér en býr ekki á svæðinu. Hún hefur líka verið á flakki um heiminn undanfarin ár," segir Gunnar og vekur svo athygli á að þetta er þriðja árið í röð sem kona hlýtur viðurkenninguna.

**gudnyhronn@365.is**

ÞETTA GERÐIST 9. FEBRÚAR ÁRIÐ 1950:

## McCarthy hóf nornaveiðar sínar

Í dag er 67 ára afmæli herferðar bandaríska öldungadeildarþingmannsins Josephs R. McCarthy gegn kommúnisma. Árið 1950 hélt McCarthy ræðu í Wheeling í Vestur-Virginíu þar sem hann sakaði yfir 200 starfsmenn utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna um kommúnisma. Hann veifaði plaggi sem átti að vera með nöfnum svikaranna. Tveimur dögum síðar skrifaði hann Harry Truman Bandaríkjaforseta bréf og sagðist hafa komið saman lista með 57 kommúnistum. 20. febrúar sama ár hélt hann svo sex tíma ræðu í þinginu þar sem hann vísaði til um 80 manna sem hann sagði vera kommúnista.

Hann nafngreindi engan, en þó mátti þekkja fólkið. Í framhaldinu var sett á stofn undirnefnd til að kanna ásakanir McCarthys, en þá hafði listinn skroppið saman í 10 nöfn. Ásakanirnar voru ekki staðfestar, en margir misstu vegna þeirra vinnuna eða æruna. McCarthy varð mjög vinsæll fyrir nornaveiðar sínar og þegar hæst stóð samþykktu 25 ríki Bandaríkjanna lög sem bönnuðu samtök kommúnista. Ekki fór að halla undan fæti hjá honum fyrr en hann beindi spjótum sínum að Bandaríkjaher. Almenningur snerist svo gegn honum eftir sjónvarpsyfirheyrslur yfir hermönnum sem hann sakaði um kommúnisma án þess að geta fært sönnur á mál sitt. Árið 1954 fékk McCarthy ávítur þingsins fyrir framgöngu sína. Hann hallaði sér að flöskunni og dó svo árið 1957.



**1950 Joseph R. McCarthy hóf herferð sína gegn kommúnisma.** MYND/GETTY

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, sonur og bróðir,

**Gísli Pálsson**

sem lést 2. febrúar,
verður jarðsunginn í dag, 9. febrúar,
kl. 15.00 frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

**Madalena Zandamela**
**Jón Kristófer** **Adele Alexandra**
**Páll Gíslason** **Borghildur Maack**
**Vera Pálsdóttir og Nanda Maack Murangi**

---

✝



Okkar einlægustu þakkir fyrir samúð og hlýju við fráfall okkar ástkæru

**Kristínar Þorsteinsdóttur**

kennara.

Starfsfólki og vinum á Sóltúni 2 sendum við sérstakar þakkir.
Alúð ykkar var einstök.

**Sólveig Þórarinsdóttir** **Þórður Þórðarson**
**Rannveig Þórarinsdóttir** **Stefán Stefánsson**
**Katrín Mixa**
**Sigrún Þorsteinsdóttir** **Örn Þorsteinsson**
**ömmubörn og langömmubarn.**

---

✝



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Guðrún Matthíasdóttir**

myndlistarmaður,
Suðurlandsbraut 62, Reykjavík,

lést sunnudaginn 5. febrúar á hjúkrunarheimilinu Mörk. Útför hennar fer fram frá Kristskirkju í Landakoti þriðjudaginn 14. febrúar kl. 15. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Sigurður St. Helgason**
**Matthías Sigurðarson** **Dalla Ólafsdóttir**
**og barnabörn.**

---

✝



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Gerða T. Garðarsdóttir**

Hrafnistu, Hafnarfirði,
áður Hólabraut 15,

lést föstudaginn 3. febrúar.
Við þökkum starfsfólki Hrafnistu fyrir góða umönnun og hlýju í hennar garð. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 10. febrúar kl. 15.

**Elsa Aðalsteinsdóttir**
**Björn Árnason**
**Auðunn Gísli Árnason** **Fríða J. Jónsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Ástkær dóttir, móðir og systir okkar,

**Erla Lóa Ástvaldsdóttir**

lést á sjúkrahúsi á Ítalíu
þann 7.2. 2017.
Útförin verður auglýst síðar.

**Ástvaldur Eiríksson**
**Linda og Carlo**
**Marco og Veronica**
**Erika og Edo**
**Ólafur og Lára**
**Lárus og Kristín**
**Helga og Ágúst**
**og fjölskyldur.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



2 MARAÞON
NOW
Alltaf eitthvað nýtt
CHAPTER 2
JOHN WICK
KEANU REEVES
TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ
STÖÐ 2 MARAÞON NOW
FYRIR 10. FEBRÚAR
OG ÞÚ FÆRÐ 2 BÍÓMIÐA
Á JOHN WICK*
Stöð 2 Maraþon NOW er ný streymisveita fyrir snjallsíma, spjaldtölvur, Apple TV og vefspilara.**
2.990 KR. Á MÁNUÐI
365
2now.is
*Miðar verða afhentir miðvikudaginn 15. febrúar í Skaftahlíð 24.
**Þjónustan er einnig aðgengileg á myndlyklum Símans.

markhönnun ehf

# nettó



Nauta piparsteik
Fersk
**3.289 KR/KG**
Áður: 4.698 kr/kg

-30%




Lambasaltkjöt
Blandað
**790 KR/KG**
Áður: 898 kr/kg

# Girnilegt og gott



-30%

GOÐI

Baconbúðingur
**363 KR/PK**
Áður: 519 kr/pk



-25%

Lambaleggir
Frosið
**1.274 KR/KG**
Áður: 1.698 kr/kg



-35%

Kjúklingavængir
**259 KR/KG**
Áður: 398 kr/kg

nettó



-30%

Reykt Ýsuflök
beinlaus með roði
**1.782 KR/KG**
Áður: 2.545 kr/kg



NÝTT Í nettó

NatureC Kínóaborgarar
3 tegundir - 4x70 gr.
**599 KR/PK**
Áður: 689 kr/pk




Grandiosa Pizza
5 tegundir
**599 KR/STK**
Áður: 789 kr/stk

## Barnamatur á tilboði

Nestlé

-20%



## Allar vörur á 10% afslætti

-10%




-20%



M&M
Peanut eða Chocolate 165 gr
**239 KR/PK**
Áður: 299 kr/pk



## Lambabógur
kryddleginn í sítrónusmjöri
- kylfa með beini

**-34%**

**989 KR/KG**
Áður: 1.498 kr/kg



**-35%**

## Lambahryggur
fylltur

**2.385 KR/KG**
Áður: 3.669 kr/kg




**-30%**

## Lambabógsteik
í sveppamareneringu - Úrbeinaður bógur

**2.449 KR/KG**
Áður: 3.498 kr/kg

*Safaríkar appelsínur fullar af vítamínum*



**-50%**

## Appelsínur
**115 KR/KG**
Áður: 230 kr/kg

**NÝTT Í netto**




## Lenor Unstoppables
Fresh eða Bliss - 275 gr.

**899 KR/STK**




**-20%**

## Kettle Flögur
Tomato & Basil eða
Rosemary & Sea Salt - 150 gr.

**279 KR/STK**
Áður: 349 kr/stk




## Kelloggs
Coco Pops Jumbo - 220 gr.

**239 KR/PK**
Áður: 299 kr/pk




## Kelloggs
Kornflögur - 250 gr.

**249 KR/PK**
Áður: 289 kr/pk




## Kelloggs
Frosties - 500 gr.

**569 KR/PK**
Áður: 669 kr/pk

Santa Maria

# *Allt fyrir tacosveisluna*

**-15%**




**NÝTT Í netto**



# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Suðaustan og sunnan hvassviðri og sums staðar stormur austan til á landinu í dag, en mun hægari suðlæg átt um landið vestanvert. Talsverð rigning suðaustanlands og á sunnanverðum Austfjörðum, en annars úrkomulítið. Milt austan til, en annars 1 til 5 stiga hiti.

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -1° | -1° |
| ↑5 | ↗8 | ↗5 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -1° | 1° | -4° |
| →4 | ↘4 | ↑5 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 2° | 2° |
| ↑11 | ↑21 | ↗11 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 0° | 2° | -2° |
| ↑6 | ↙3 | ↑15 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. afkvæmi
6. klafi
8. yfirgaf
9. gums
11. nesoddi
12. blístur
14. ástæða
16. píla
17. sjáðu
18. léreft
20. umhverfis
21. land í asíu

**LÓÐRÉTT**
1. íþrótt
3. frá
4. viðtöku
5. yfirbragð
7. hitaeining
10. samstæða
13. þei
15. bera að garði
16. fornafn
19. nafnorð

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. lamb, 6. ok, 8. fór, 9. lap, 11. tá, 12. flaut, 14. orsök, 16. ör, 17. sko, 18. lín, 20. um, 21. laos.
**LÓÐRÉTT:** 1. golf, 3. af, 4. móttöku, 5. brá, 7. kaloría, 10. par, 13. uss, 15. koma, 16. öll, 19. no.

### Skák Gunnar Björnsson

Þröstur Þórhallsson (2.414) fann afar smekklega vinningsleið gegn Benedikt Jónassyni (2.208) á Nóa Síríus-mótinu.



**Svartur á leik**

**51. ... f4! 52. gxf4 gxf4.** Hér uppgötvaði Benedikt skyndilega að eftir **53. a5 f3 54. a6 f2 55. a7 f1D 56. a8D** mátar svartur með **56...Db5#**. Óvænt mát! Þröstur er efstur fyrir lokaumferðina ásamt Daða Ómarssyni.
**www.skak.is:** Allt um NS-mótið.







## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | 7 | 1 | | | 3 | | |
| | | | 2 | | | 4 | 5 | |
| | 6 | 8 | 9 | | | | 1 | |
| 3 | 2 | | 4 | | 6 | 8 | 9 | |
| | | | 5 | | | 2 | 3 | 6 |
| | | 9 | | 1 | | | | |
| 4 | 3 | | | | 1 | | 8 | |
| | 9 | | | | | 6 | | |
| 8 | | 2 | | 9 | | | 4 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | | | 6 | 7 |
| | | | 8 | | 4 | | | 5 |
| 2 | | | | 6 | 7 | | | 8 |
| | 1 | 7 | 2 | | | | 3 | 9 |
| | | 9 | | | | 4 | 8 | |
| | 3 | | | | 6 | 5 | | |
| 9 | | 8 | 3 | | | | 5 | |
| | 5 | | | | | | 2 | 4 |
| 1 | | | | 7 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | 8 | | | | | 6 | 3 |
| 6 | | | 9 | | 5 | | | 2 |
| 9 | | 3 | 8 | | | | | |
| 4 | | 2 | | | | | | 1 |
| | | 6 | | 4 | | | | |
| | 1 | | | | 7 | | | |
| | | | 3 | | | | 7 | |
| 3 | 9 | | | | | | | |
| | 6 | 7 | | | 9 | | 1 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausn verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 3 | 9 | 2 | 5 | 8 | 6 | 4 |
| 2 | 6 | 5 | 7 | 4 | 8 | 3 | 9 | 1 |
| 8 | 9 | 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 |
| 9 | 4 | 6 | 5 | 7 | 3 | 1 | 2 | 8 |
| 5 | 2 | 8 | 1 | 9 | 6 | 4 | 3 | 7 |
| 1 | 3 | 7 | 2 | 8 | 4 | 9 | 5 | 6 |
| 6 | 5 | 9 | 8 | 1 | 7 | 2 | 4 | 3 |
| 3 | 7 | 1 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 2 | 6 | 3 | 9 | 7 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | 4 | 7 | 8 | 1 | 3 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 3 | 9 | 2 | 1 | 4 | 6 |
| 3 | 9 | 1 | 5 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 |
| 7 | 3 | 6 | 4 | 1 | 9 | 5 | 8 | 2 |
| 8 | 1 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 | 6 | 7 |
| 2 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 |
| 4 | 5 | 7 | 8 | 6 | 3 | 2 | 1 | 9 |
| 9 | 6 | 3 | 1 | 2 | 7 | 8 | 5 | 4 |
| 1 | 8 | 2 | 9 | 5 | 4 | 6 | 7 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 3 | 2 | 7 | 4 | 8 | 1 | 5 |
| 8 | 7 | 5 | 3 | 9 | 1 | 6 | 2 | 4 |
| 1 | 2 | 4 | 5 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 5 | 8 | 6 | 7 | 2 | 3 | 9 | 4 | 1 |
| 9 | 3 | 1 | 6 | 4 | 5 | 7 | 8 | 2 |
| 2 | 4 | 7 | 8 | 1 | 9 | 5 | 6 | 3 |
| 7 | 6 | 9 | 4 | 3 | 2 | 1 | 5 | 8 |
| 3 | 5 | 2 | 1 | 8 | 7 | 4 | 9 | 6 |
| 4 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 2 | 3 | 7 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman











Freyðivínssjúkir ættu að kíkja á Veður á Klapparstígnum í kvöld.

**Hvað? Hvenær? Hvar?** Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 9. FEBRÚAR 2017

### Tónlist

**Hvað?** Tónleikar Milkhouse og Aragrúa
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gaukurinn
Hljómsveitirnar Milkhouse og Aragrúi halda uppi stuðinu. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

**Hvað?** Tónleikar Bangoura band
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Húrra
Bangoura band er átta manna hljómsveit sem sett var saman í janúarmánuði 2013. Tónlistin á rætur sínar að rekja til Afríku þaðan sem faðir hljómsveitarinnar, Cheick Bangoura, er. Þetta eru fyrstu tónleikar sveitarinnar árið 2017 og byrjunin á glæsilegu ári. Ekki má gleyma heiðursgesti tónleikanna, sem er enginn annar en fönk- og afrókóngur Íslands, herra Samúel Jón Samúelsson. Miðaverð við innganginn er 2.500 krónur.

### Viðburðir

**Hvað?** Icelandic Startups - Skapaðu framtíðina!
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík
Svava Björk Ólafsdóttir, verkefnastjóri hjá Icelandic Startups, fjallar um sprotasenuna á Íslandi og leiðir frumkvöðla til að láta drauma sína rætast.

**Hvað?** Freyðivínskvöld
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Veður, Klapparstíg 33
Kvennahreyfing Samfylkingarinnar býður stuðningsmenn, jafnaðarmenn og aðra velunnara hjartanlega velkomin á freyðivínskvöld sósíaldemókratískra kvenna! Ástæða þessarar samkundu er að daginn er farið að lengja og því er tilvalið að koma saman, gleðjast og ræða málefni líðandi stundar. Allir sem eru með eggjastokka og líka þeir sem enga slíka hafa, geta keypt kampavín og ropvatn (betur þekkt sem gos) á viðráðanlegu verði.


Það verður uppistandskvöld á Bar 11 í kvöld.

**Hvað?** Tilraunauppistand
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Bar 11
Tilraunauppistand er (næstum) öll fimmtudagskvöld á Bar 11. Tilraunauppistand er uppistand þar sem nýir grínistar fá tækifæri til að spreyta sig og þeir reyndari prófa nýtt efni og halda sér í formi. Uppistand, töfrabrögð, spuni, tónlistargrín og öll möguleg grínform má sýna. Á hverju uppistandi er einhver efnilegur grínisti sem kynnir. Kynnir þetta kvöld er Jón Benediktsson.

**Hvað?** Opinn kynningarfundur um MBA-nám HR
**Hvenær?** 11.30
**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík
Viltu efla stjórnenda- og leiðtogahæfileika þína? Þá er þessi fundur fyrir þig. Fundurinn verður haldinn í stofu M-208. Kynningin verður í höndum Natalia Yankovic, frá IESE Business School í Barcelona, en hún er einn af alþjóðlegu kennurum skólans. Mun hún meðal annars sýna skemmtilegt raundæmi sem gefur áhugasömum innsýn í hvernig MBA-kennsla fer fram. Skráning fer fram í gegnum netfangið mba@ru.is.

**Hvað?** Hvaða stöðu ætla ég að taka mér í 4. iðnbyltingunni?
**Hvenær?** 11.30
**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík
Elínrós Líndal, frumkvöðull og hluti af Young Global Leader hópi World Economic Forum, heldur fyrirlestur um þá breytingatíma sem eru í gangi í atvinnu- og iðnaðarheiminum og hvernig hægt er að verða virkur partur af þeim síbreytilega heimi.












Auður og Elva Ósk í hlutverki Elle sem er að raða saman brotum og fá lítil taugaáföll í gegnum símtalið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Eitt símtal – allur skalinn

**Brynhildur Guðjónsdóttir leikstýrir nýrri uppfærslu sinni á Mannsröddinni sem frumsýnd er í Kaldalóni í Hörpu í kvöld.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Elle, persónan í verkinu, er að uppgötva að ástmaður hennar til fimm ára er ekki hennar lengur, heldur að giftast annarri daginn eftir. Hún er með hann á línunni og túlkar allan tilfinningaskalann með röddinni, enda er hún í algeru rofi og sýnir í þessu símtali innst inn í kvikuna.“

Brynhildur Guðjónsdóttir leikstjóri er að lýsa Mannsröddinni sem frumsýnd verður í Kaldalóni í kvöld af Íslensku óperunni. Tvær listakonur deila einu hlutverki, þær Auður Gunnarsdóttir sópran sem syngur Elle á frönsku og Elva Ósk Ólafsdóttir leikkona sem fer með talað hlutverk Elle og Eva Þyrí Hilmarsdóttir píanóleikari leikur með þeim.

Brynhildur er höfundur leikgerðar. Í henni tvinnar hún saman leikritið Mannsröddina eftir Jean Cocteau og samnefnda óperu Francis Poulenc. Hvernig fór hún að því? „Það var áskorun en þó ekki glíma því það gekk svo svakalega vel,“ svarar hún. „Ég kaus að gera leikgerðina á staðnum, með flytjendunum því ég varð að fá hreyfingu og hljóð. Stykkið er þannig uppbyggt að það er bara eitt símtal og við heyrum aldrei rödd viðmælandans. Stundum túlkar píanóið rödd hans, stundum tilfinningahita konunnar, stundum truflanir á símalínunni.“

Brynhildur kveðst hafa verið búin að kynna sér efnið út í hörgul. „Ég vissi nákvæmlega hvernig hvort tveggja var, leikritið sem Jean Cocteau skrifaði 1928 og var frumsýnt 1930 og óperan sem Francis Poulenc gerði upp úr því árið 1958 og notar leikritið mikið línulega en tekur út töluverðan texta – þar kemur píanóið inn í.“



„Leikgerðin gekk mjög vel. Hún var áskorun en ég lenti aldrei á vegg,“ segir Brynhildur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kristján Þórður Hrafnsson gerði nýja þýðingu textans og Brynhildur kveðst hafa fengið ómetanlega aðstoð Snorra Sigfúsar Birgissonar, tónskálds með píanópartinn. „Hann er svo næmur, hann Snorri, og við skildum hvort annað strax en hann gat ekki tekið að sér túlkunina á sviðinu svo þar tók Eva Þyri við og Irene Kudela kom líka að tónlistarstjórn,“ lýsir hún.

Brynhildur segir hægt að sjá hvort tveggja leikritið og óperuna í heild sinni á YouTube en kveðst ekki hafa fundið neina útgáfu þar sem þau eru splæst saman. „Hugmyndin kom ekki frá mér,“ tekur hún fram. „Auði Gunnarsdóttur langaði að syngja Mannsröddina, enda er þetta djúsí hlutverk fyrir óperusöngkonu á hennar aldri. Hún fór með hugmyndina til Steinunnar Birnu óperustjóra sem langar að Íslenska óperan bjóði upp á fleira en stórar sýningar í Eldborg. Það er frábært og þarna er farið í minni sal og sköpuð meiri nálægð.“

Brynhildur segir Auði hafa haft samband við hana, bæði vegna tónlistar og franskrar tengingar. „Ég hafði kynnt mér Cocteau á sínum tíma, sem hún vissi ekki af, því að Édith Piaf og hann voru nátengd og hann samdi svipað verk fyrir hana. Þar er maður á sviðinu en hann snýr baki í áhorfendur allan tímann og segir ekki orð. Næsta skref hjá okkur Auði var að fara til Steinunnar Birnu og kynna hugmyndina og samtalið hélt áfram. Ég kallaði svo Elvu Ósk til, hún er svo fantagóð leikkona með dýpt.“

Í leikgerðinni kveðst Brynhildur aldrei hafa lent á vegg. „Allt samstarfsfólkið og utanumhaldið í óperunni er búið að vera ljúft og gott,“ segir hún. „Þetta var bara lífrænt ferli.“






ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN 2017

BARNA- OG UNGLINGABÆKUR

# TIL HAMINGJU, HILDUR






*Vetrarhörkur* eftir Hildi Knútsdóttur fær Íslensku bókmenntaverðlaunin í ár í flokki barna- og unglingabóka. Fyrri bókin í tvíleiknum, *Vetrarfrí*, hlaut Fjöruverðlaunin – bókmenntaverðlaun kvenna.

„Satt best að segja er frásögnin alveg nógu ógnvekjandi fyrir en um tæplega miðja bók þurfti bókarýnir, sem sat einn og las seint um kvöld, að sækja sér sofandi smábarn og hafa sér við hlið til að þora að halda áfram að lesa.“

HELGA BIRGISDÓTTIR / HUGRÁS

„Frábær hrollvekja! … Æsispennandi … Afar vel skrifuð bók og alveg hrikalega spennandi.“

GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / VIKAN

FORLAGIÐ

www.forlagid.is

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Nýtt Húsasmiðjublað er komið út

# SÚPER
## TILBOÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Electrolux 5 ÁRA ÁBYRGÐ
Electrolux
ÞÚ SPARAR: 8.090 KR
**Þurrkari** EDP2074PDW
Barkalaus með rakaskynjara, tekur 7 kg, orkunýting C. Hljóðstyrkur 64 dB.
Stærð: H: 85 cm, b: 60 cm, d: 60 cm.
1860171
**56.900 kr**
~~64.990~~

Electrolux 5 ÁRA ÁBYRGÐ
Electrolux
ÞÚ SPARAR: 16.910 KR
**Þvottavél** FW30L7120
7 kg, 1200 sn.
Orkunýting A+++.
1805690
**54.900 kr**
~~64.990~~

Electrolux 5 ÁRA ÁBYRGÐ
Electrolux
ÞÚ SPARAR: 12.000 KR
**Uppþvottavél** ESF5521LOW
Orkunýting A+, þurrkhæfni A, þvottahæfni A, hljóðstyrkur 45 dB.
1808976
**57.990 kr**
~~69.990~~

# HÖRKU
## VERKFÆRADAGAR!

35% afsláttur
BLACK & DECKER
SÚPER TILBOÐ
**17.900 kr**
~~27.495~~ kr
**Borvél**
Höggborvél, 18V, 2 x 1.3Ah Li-ion rafhlöður.
5245557

32% afsláttur
SÚPER TILBOÐ
**9.995 kr**
~~14.725~~ kr
**Hleðsluborvél**
Boxer, 18V, tvær 1,5Ah Li-ion rafhlöður, hleðslutími 1 klst. Hersla 45Nm.
5245253

40% afsláttur
STANLEY
SÚPER TILBOÐ
**2.995 kr**
~~4.995~~ kr
**Bita, bora- og toppasett**
Stanley, 100 stk.
5246112

40% afsláttur
NEO TOOLS
SÚPER TILBOÐ
**11.995 kr**
~~19.995~~ kr
**Topplyklasett**
NEO, 110 stk., 1/2"-1/4".
5052570

34% afsláttur
HITACHI Inspire the Next
SÚPER TILBOÐ
**29.995 kr**
~~45.995~~ kr
**Hleðsluborvél**
18V, + 100 fylgihlutir, 2 stk. 1.5Ah Li-ion rafhlaða, hersla 52Nm. Flott taska með skúffu undir bitasett fylgir.
5246782

VERSLAÐU Á HUSA.IS
FRÍ HEIMSENDING EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA

Byggjum á betra verði




20% afsláttur

3 ltr

JOTUN

SÚPER TILBOÐ

**2.390 kr**

~~2.995 kr~~

Jotun vegg- og loftamálning
3 ltr.
7119781-83



damixa

SÚPER TILBOÐ

25% afsláttur

**8.690 kr**

~~11.595 kr~~

Handlaugartæki
Pine.
8000033






18V XR

KOLALAUS MÓTOR

DEWALT

SÚPER TILBOÐ

20% afsláttur

**34.995 kr**

~~43.995 kr~~

Hleðsluborvél
18V, kolalaus mótor, 2,0Ah XR Li-ion rafhlöður (2 stk.). 13 mm patróna úr stáli, 2ja gíra skipting, ledljós.
5159080



25% afsláttur
af öllum
Jumbo, 3-8 þrepa áltröppum
5078885-5078894

JUMBO

SÚPER TILBOÐ

**3.670 kr**

~~4.895 kr~~

Áltröppur
Jumbo,
3ja þrepa.
5078885

blómaval

# ÚTSALA

## Á POTTAPLÖNTUM

í Blómavali

## 25-50% afsláttur

Mikið úrval - allar pottaplöntur á útsölu meðan birgðir endast.



-26%

## Orkidea

**1.990 kr**

~~2.690 kr~~

11325000



-33%

Sómakólfur
12 cm pottur

**1.990 kr**

~~2.990 kr~~



-25%

Monstera
17 cm pottur

**3.359 kr**

~~4.490 kr~~



-25%

Indiánafjöður
17 cm pottur

**1.340 kr**

~~1.790 kr~~

11261877



Kaktusar
og þykkblöðungar
Margar gerðir
Verð frá

**374 kr**

~~749 kr~~

## 25% afsláttur
af öllum luktum



-25%

Lukt
Romance
21 cm, grá

**3.300 kr**

~~4.400 kr~~

10516046

RIVERDALE



-25%

Lukt 18x18x54 cm

**4.493 kr**

~~5.990 kr~~

# BÍÓ


Kemistría Ryans Gosling og Emmu Stone getur bætt upp fyrir ýmsa handritsgalla.

# Fortíðarþrá með söng í hjarta

**KVIKMYNDIR**

**La La Land**
★★★★☆

**Leikstjóri:** Damian Chazelle
**Framleiðendur:** Fred Berger, Marc Platt, Jordan Horowitz
**Handrit:** Damian Chazelle
**Tónlist:** Justin Hurwitz
**Kvikmyndataka:** Linus Sandgren
**Aðalhlutverk:** Emma Stone, Ryan Gosling, Rosemarie DeWitt

Glansandi Hollywood-söngleikir hafa aldrei almennilega dáið út en oft og reglulega átt það til að leggjast í dvala. Seinast komust þeir í tísku rétt eftir aldamótin þegar myndir eins og Moulin Rouge og (hin miður ofmetna) Chicago létu til sín taka og heilluðu Óskarsnefndir. Með tilkomu og velgengni myndarinnar La La Land er nokkuð ljóst að búið sé að opna flóðgáttirnar aftur fyrir fleiri söngva- og dansmyndir á næstunni.

La La Land er önnur mynd leikstjórans Damians Chazelle í fullri lengd. Frumraun hans frá árinu 2014, Whiplash, var ein af allra bestu myndum þess árs og hérna sannast að Chazelle er ekki bara afar hæfileikaríkur þegar kemur að samsetningu og leikarasamspili, sögum um metnað, drauma og fórnir, heldur undarlega fjölbreyttur líka. Með La La Land matreiðir hann ákaflega ljúfsára, lokkandi og skemmtilega mynd sem á rætur sínar að rekja til Hollywood-söngleikja gullaldartímans og frönsku perlunnar Les Parapluies de Cherbourg (sem þessi mynd fær ýmislegt „lánað“ frá). Útkoman er bæði nokkuð einstök og dæmigerð, en einlægnin stendur upp úr og aðeins áhorfendur með verstu söngleikjafóbíu munu standast þessa heillandi umgjörð að ógleymdri orku parsins á tjaldinu.



La La Land fær ýmislegt „lánað“ frá frönsku kvikmyndinni Les parapluies de Cherbourg.

Emma Stone og Ryan Gosling hafa núna þrisvar sinnum sýnt það hversu vel það fer þeim að vinna saman, einu sinni í krúttkómedíunni Crazy Stupid Love og seinna í misheppnuðu glæpamyndinni Gangster Squad. Kemistría þeirra hefur kraftinn til þess að bæta fyrir ýmsa handritsgalla, virðist vera, en sjálfsagt að frátalinni Birdman hefur Emma aldrei nokkurn tímann staðið sig betur en hér. Að jafnaði hefur hún átt auðvelt með að vera heillandi og viðkunnanleg en hér tekst henni einnig að nýta stórfín raddbönd sín. Hún lífgar upp á klisjukennda persónu og gerir hana bæði elskulega og sterka.

Gosling er ekki mikið síðri, fyrir utan það að söngrödd hans er ekki alveg að smella. Sem betur fer er hún sparlega notuð, annars væri kjánahrollurinn nær því svæði sem Pierce Brosnan tileinkaði sér í Mamma Mia!. Það er svæði sem enginn vill vera á.

Hins vegar fer ekki á milli mála að flottustu „danshæfileikar“ myndarinnar eru í höndum upptökumannsins Linus Sandgren. Myndavélin svífur með glæsibrag í gegnum aðlaðandi og vel æfð númer, auk þess að leyfa heilum senum að spilast oft út í óslitnum tökum. Litanotkunin er líka meiriháttar, sem og búningar og allt sem viðkemur því að fanga rétta andann og gefa nútíma söguviðinu mjög gamaldags svip, enda fortíðarþrá eitt af lykilþemum sögunnar.

Myndin rýkur af stað með eldhressu og aðdáunarverðu opnunaratriði, sem gefur reyndar bjartari og ýktari tón heldur en við fáum síðan út restina af myndinni og fyrir vikið kannski ekki alveg í réttum takti við efnið. Síðan virðist eins og það gleymist í óvenju langan tíma að myndin sé í rauninni söngleikur, rétt í kringum miðbikið. Fátt er í söguþræðinum sem kemur á óvart en lykilatriðið er að við tengjumst parinu og höldum upp á baráttu þeirra við að eltast við drauma sína.

Af þessum stærstu Óskarstilnefndu myndum í ár er ekkert sem getur slegið út gæði hinnar ómótstæðilegu Moonlight, en La La Land réttlætir tilvist sína og tilnefningahlass með talsverðum sjarma, botnlausri umhyggju fyrir efninu og græðir sitt hvað á því að leika sér að litlum klisjum og forðast melódramatík. Lögin mættu mörg vera örlítið eftirminnilegri en hjartað slær fast í þessu kvikindi og tilfinningin eftir stórglæsilegt lokaatriði varir lengi að áhorfi loknu. Gott bíó.

**Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Ljúfsár og yndislegur óður til söngleikja af gamla skólanum. Það geislar af parinu á tjaldinu þótt Gosling sé kannski ekki frábær söngvari, en myndin hittir samt beint í mark, sérstaklega á lokametrunum.



Raumgestalt bretti
Verð frá 2.980 kr.
kokka laugavegi 47
laugavegi 47 | www.kokka.is kokka@kokka.is
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA


MOROCCANOIL
Fríða Rut Heimisdóttir
Hárgreiðslumeistari
Úr einu fræi varð bylting.
Moroccanoil hárvörumerkið er innblásið af ferskum vindum, bláma sjávarins og landslagsins í kringum Miðjarðarhafið.
Upphafið er sjálf Moroccanoil Treatment olían sem er góður grunnur fyrir hvaða hárgerð sem er. Einnig góð í krakka og skegg. Til að fá sem bestu næringarefnin er gott að setja hana alltaf í blautt hárið og blása það eða leyfa því að þorna eðlilega.

Regalo ehf Iceland
Olíurnar eru þrjár og nýjust er Blow Dry Concentrate sem hönnuð er fyrir gróft og erfitt hár. Moroccanoil Treatment hentar öllum hárgerðum og LIGHT fyrir fíngert og mikið ljóst hár.

gæði – þekking – þjónusta
FÆRIBANDAVOGIR - RANNSÓKNAVOGIR - IÐNAÐARVOGIR - SMÁVOGIR
VERÐÚTREIKNINGSVOGIR - TALNINGAVOGIR - KRÓKAVOGIR
BAÐVOGIR - BARNAVOGIR - GÓLFVOGIR - LÍMMIÐAVOGIR
FITUMÆLINGAVOGIR
Við erum með gífurlegt úrval af öllum gerðum af vogum

GOTT VERÐ Tanita BC-587 fitumælingavog
Áður 32.860,- NÚ 18.749,-
pmt PLAST, MIÐAR & TÆKI
Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is


Nýjar vörur frá ENDURANCE
Útsöluaðilar:
Útilíf – Kringlunni – Smáralind • Sportver Akureyri • Toppmenn & Sport Akureyri
K Sport Keflavík • Nína Akranesi • Sportbær Selfossi • Axel Ó Vestmannaeyjum
Dreifingaraðili: DanSport ehf. Hægt að sjá vörur á dansport.is

# GÓLFEFNAÚRVAL!

## HARÐPARKET – PARKET – FLÍSAR

**MÚRBÚÐARVERÐ**




CERAVIVA wineo Vinsælasta harðparket í Evrópu 2015 EUROWOOD

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Klettháls 7. | Opið virka daga kl. 8-18, lau. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

# MÚRBÚÐIN

*Gott verð fyrir alla, alltaf!*



LOKAÞÁTTUR

**FLÚR OG FÓLK**

Við fylgjumst með 12 einstaklingum sem allir uppfylla eitt af þremur skilyrðum: Að vera með gamalt húðflúr sem þeir vilja láta flúra yfir að nýju, að vera með ör sem þeir vilja láta þekja með flúri eða bara að vera tilbúnir að setjast í tattústólinn sér til fegrunar!


SPENNANDI
FIMMTUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365




**MASTERCHEF PROFESSIONALS – AUSTRALIA**

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem byggður er á upprunalegu þáttunum en hér eru það matreiðslumeistarar sem keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band.



**THE BLACKLIST**

Raymond Reddington er hvergi banginn þegar hann og snillingarnir hjá FBI leysa stórglæpamál í sameiningu. Hörkuspennandi þættir!



**HOMELAND**

Glæný sería af þessum mögnuðu þáttum þar sem við höldum áfram að fylgjast með Carrie Mathieson sem er aftur flutt til Bandaríkjanna eftir að hafa komið í veg fyrir hryðjuverkaárás í Berlín.



**LETHAL WEAPON**

Spennandi framhaldsþáttur, byggður á hinum vinsælu Lethal Weapon-myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um tvo lögreglumenn sem eru mjög ólíkir í leik og starfi.



**GODZILLA**

Janjira-kjarnorkuverinu í Japan var eytt með dularfullum hætti og fjöldi starfsmanna lét lífið. Joe Brody gefst ekki upp á að leita að konunni sinni sem dó í slysinu.


Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is




# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.50** Tommi og Jenni
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Jamie's 30 Minute Meals
**10.00** The Doctors
**10.40** The Goldbergs
**11.00** Undateable
**11.25** Landnemarnir
**12.00** Poppsvar
**12.35** Nágrannar
**13.00** The Second Best Exotic Marigold Hotel
**15.00** The Walk
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** The Big Bang Theory
**19.45** Masterchef Professionals - Australia
**20.30 Flúr & fólk** Ný íslensk þáttaröð þar sem fylgst er með 12 einstaklingum sem allir uppfylla eitt af þremur skilyrðum; að vera með gamalt húðflúr sem þeir vilja láta flúra yfir, vera með ör sem þeir vilja láta þekja með flúri eða vera tilbúnir að setjast í tattústólinn sem „auður strigi“, þ.e. að leyfa listamönnunum að ráða. Við kynnumst meðal annars fyrrverandi björgunarsveitarmanni sem fær flúr yfir ör eftir slæmt slys, manni sem fékk sér flúr í heimahúsi í Búðardal sem hann var aldrei ánægður með og sveitastelpu sem elskar litrík flúr og er tilbúin til að fá nánast hvaða flúr sem er.
**21.00 The Blacklist** Fjórða spennuþáttaröðin með James Spader í hlutverki hins magnaða Raymond Reddington eða Red, sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandarískum yfirvöldum. Hann gaf sig fram og bauðst til að aðstoða FBI við að hafa hendur í hári glæpamanna og hryðjuverkamanna.
**21.50** Lethal Weapon
**22.35** Crimes That Shook Britain
**23.30** Steypustöðin
**00.00** Apple Tree Yard
**00.55** Fast and the Furious. Tokyo Drift
**02.40** Brick Mansions
**04.10** Person of Interest

## STÖÐ 2 SPORT

**08.00** Þýski boltinn
**09.40** Þýsku mörkin
**10.10** Domino's körfuboltakvöld
**11.45** FA Cup 2016/2017
**13.25** Spænski boltinn
**15.10** Messan
**16.50** Landsleikir Íslands
**18.30** Premier League World
**19.00** Meistaradeildin í hestaíþróttum
**22.20** NFL Gameday
**23.40** UFC Unleashed 2016
**00.25** Premier League World
**00.55** NFL Gameday

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Premier League
**08.45** Premier League
**10.25** Premier League
**12.10** Premier League Review
**13.05** Enska 1. deildin
**14.55** Football League Show
**15.25** Spænski boltinn
**17.10** Spænsku mörkin
**17.40** Premier League
**19.25** FA Cup
**21.05** Premier League
**22.50** Messan
**00.30** Enska 1. deildin

## STÖÐ 3

**17.30** Married
**17.55** Raising Hope
**18.20** The Big Bang Theory
**18.40** Modern Family
**19.05** Curb Your Enthusiasm
**19.35** Tekinn
**20.05** Veistu hver ég var?
**20.50** Supergirl
**21.35** Gotham
**22.20** Arrow
**23.05** Klovn
**23.35** Gilmore Girls
**00.15** The New Adventures of Old Christine
**00.40** Supergirl
**01.20** Gotham
**02.05** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Víkingurinn Viggó
**07.13** Zigby
**07.27** Latibær
**07.49** Mæja býfluga
**08.00** Könnuðurinn Dóra
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Strumparnir
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Víkingurinn Viggó
**11.13** Zigby
**11.27** Latibær
**11.49** Mæja býfluga
**12.00** Könnuðurinn Dóra
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Strumparnir
**14.22** Hvellur keppnisbíll
**14.34** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**14.46** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Víkingurinn Viggó
**15.13** Zigby
**15.27** Latibær
**15.49** Mæja býfluga
**16.00** Könnuðurinn Dóra
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Strumparnir
**18.22** Hvellur keppnisbíll
**18.34** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**18.46** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Anastasia



Svampur Sveinsson, 09.24, 13.24 og 17.24

## GOLFSTÖÐIN

**12.45** PGA Highlights
**13.40** Golfing World
**14.30** Champions Tour Highlights
**15.25** Omega Dubai Desert Classic
**19.35** Inside the PGA Tour
**20.00** AT&T Pebble Beach National Pro-Am
**23.00** PGA Highlights

## BÍÓSTÖÐIN

**11.05** Algjör Sveppi og töfraskápurinn
**12.35** The Prince and Me 3. A Royal Honeymoon
**14.10** Phantom of the Opera
**16.30** Algjör Sveppi og töfraskápurinn
**18.05** The Prince and Me 3. A Royal Honeymoon
**19.40** Phantom of the Opera
**22.00 Godzilla** Árið 1999 var Janjira-kjarnorkuverið í Japan jafnað við jörðu með dularfullum hætti og fjöldi starfsmanna lét lífið. Mörgum árum síðar er Joe Brody enn að leita orsaka eyðileggingarinnar en konan hans dó í slysinu. Hann fær son sinn til að aðstoða sig og saman komast þeir að því að lykilinn er að finna í rústum kjarnorkuversins þar sem leynilegar tilraunir með kjarnorku og geislavirkni koma af stað atburðarás sem ógnar öllu lífi á jörðinni. Eina von mannkyns gæti legið í því að fá hjálp frá risaskrímslinu Godzilla.
**00.05** Ex Machina
**01.50** Jupiter Ascending
**03.55** Godzilla

## RÚV

**16.00** Miranda
**16.35** Táknmálsfréttir
**16.45** Valur - KR
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.05** Andri á flandri í túristalandi
**20.35** Best í Brooklyn
**20.55** Jamaica kráin
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Fortitude
**23.10** Fangar
**00.00** Hulli
**00.20** Kastljós
**00.45** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** America's Funniest Home Videos
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Life Unexpected
**09.50** Judging Amy
**10.35** Síminn + Spotify
**12.40** Dr. Phil
**13.20** American Housewife
**13.45** Your Home in Their Hands
**14.45** The Voice Ísland
**16.35** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**17.15** The Late Late Show with James Corden
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** The Odd Couple
**20.15** Man With a Plan
**20.35** The Mick
**21.00** This is Us
**21.45** Scandal
**22.30** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** Californication
**00.20** 24
**01.05** Law & Order. Special Victims Unit
**01.50** The Affair
**02.35** This is Us
**03.20** Scandal
**04.05** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**04.45** The Late Late Show with James Corden
**05.25** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




## Taktu frá 24 tíma með Octaviu!

**ŠKODA Octavia** er margverðlaunaður og einn af söluhæstu bílum á Íslandi enda ótal kostum búinn. Gefðu þér sólarhring til að prófa frábæra aksturseiginleika, gott rýmið og sparsemi í rekstri – allt það sem gerir **ŠKODA Octavia** að einum besta fjölskyldubílnum á markaðnum.

**Dráttarbeisli og vetrardekk**
fylgja í takmarkaðan tíma!

Verð frá aðeins:
**3.350.000 kr.**
Sjálfskiptur frá aðeins: **3.550.000 kr.**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

**www.skoda.is**

# Smakkaði súrhval síðast

**Ofurplötusnúðurinn Fatboy Slim mætir í annað sinn til landsins til þess að spila á Sónar nú um miðjan mánuð. Hann er mikill matmaður og smakkaði meðal annars súrhval í síðustu ferð en væri vel til í að smakka eitthvað villtara í þetta sinn.**



Fatboy Slim er bæði þekktur fyrir tónlistarferil sinn en líka fyrir að vera einn eftirsóttasti plötusnúður í heiminum.

*Hvað er að frétta? Hvað gengur á hjá þér þessa dagana – ertu aðallega á ferðalögum eða ertu að vinna að einhverjum skemmtilegum verkefnum? Getum við átt von á plötu frá þér, jafnvel eitthvað eins og þú varst að pumpa út þarna í kringum 2000?*

„Jú, ég er í þann mund að gefa út smáskífulagið „Where U iz“. Síðan er ég að vinna að kvikmyndatengdu verkefni, en ég get eiginlega ekki talað um það strax. Annars er það bara sami gamli straumurinn af tónlistarhátíðum og „residency“ á Cream í Amnesia-klúbbnum á Ibiza.“

*Þú heimsóttir okkur síðast árið 2002 – síðan þá hafa auðvitað liðið mörg ár, þú jafnvel manst ekki einu sinni eftir því lengur. En þau okkar sem muna eftir þeim tónleikum, hverju ættum við að eiga von á? Verður þetta allt glænýtt hjá þér eða muntu dúndra í nostalgíugírinn handa öllum gömlu góðu aðdáendunum?*

„Hah, auðvitað man ég eftir því! Ég verð nýr og betri maður í þetta sinn, en ég mun líka taka vel valin gullin „throwback“ handa elstu aðdáendunum… þarna verður eitthvað fyrir alla.“

*Þú ert nú þekktur fyrir ansi veglega tónleika eða það má jafnvel kalla þetta sýningar – verðum við Íslendingar svo heppnir að fá að berja eina slíka augum á Sónarhátíðinni?*

„Sko, stærð sviðsins sem ég mun spila á leyfir kannski ekki alveg þessi risastóru „show“ sem ég hef verið að henda í á stærstu tónlistarhátíðunum en hins vegar er ég þess fullviss að við munum öll skemmta okkur drulluvel og fara heim með þá tilfinningu að við séum betri manneskjur.“

**AÐ FYLGJAST MEÐ UNGU FÓLKI KÆTAST OG FLÝJA INN Í SAMEIGINLEGA ALSÆLU ER MINN LYKILL AÐ EILÍFRI ÆSKU.**

*Þú ert ákaflega upptekinn og spilar á aragrúa tónleika – hvað í ósköpunum er það sem heldur þér gangandi í gegnum allt þetta brjálæði?*

„Ég bara elska þetta starf, ég meina það! Ég elska bæði tónlist og að spila tónlist fyrir fólk sem brosir og dansar. Því skyldi maður ekki elska það? Að fylgjast með ungu fólki kætast og flýja inn í sameiginlega alsælu er minn lykill að eilífri æsku.“

*Ég las nýlega viðtal við þig þar sem þú nefnir að þú bókir mjög mikið af þínum tónleikaferðalögum í kringum mat, að þú veljir suma staði sérstaklega vegna þess að þú veist þar af góðum veitingastöðum – hefurðu eitthvað kíkt á úrvalið hérna á Íslandi? Eða er það kannski ekki maturinn sem dró þig hingað?*

„Síðast þegar ég mætti til Íslands borðaði ég bæði lunda og súrhval. Ef einhver getur boðið mér eitthvað villtara en það þá verð ég auðvitað að smakka á því… en ég verð að segja það að ég kom alls ekki út af matnum, ég kom vegna þess að ég elska bæði Sónarhátíðina og Íslendinga.“

*Á þeim nótunum – ætlarðu að eyða einhverjum tíma í eða í kringum Reykjavík fyrir eða eftir tónleikana þína? Ef svo er, hvað er það sem þú ætlar að gera af þér?*

„Ég held að þetta verði frekar einfalt inn og út gigg í þetta sinn, því miður. Einn daginn (þegar börnin mín eru orðin eldri) mun ég hafa tíma til að stoppa í lengri tíma og jafnvel hætta mér lengra en í Bláa lónið!“

Sónarhátíðin fer fram dagana 16.-18. febrúar og mun Fatboy Slim spila á laugardeginum.

stefanthor@frettabladid.is



Fatboy Slim eða Norman Cook eins og mamma hans kallar hann gæddi sér meðal annars á lunda síðast þegar hann var á landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# IVECO BUS

## SKÓLABÍLAR • ÁHAFNARRÚTUR • FERÐAMANNARÚTUR




EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX



## IVECO DAILY MINIBUS

**Fáanleg með 16–22 farþegasætum.**
**Algeng útfærsla er fyrir 19 farþega.**

Frábærlega útfærð og hönnuð smárúta frá Iveco Bus. Ein öflugasta bifreiðin í flokki rúta með 6.500 kg heildarþyngd státar af sterkum undirvagni, mjúkri og sterkri fjöðrun og einstökum aksturseiginleikum. Öflug 3,0 líter dísilvél og 8 þrepa Hi-Matic sjálfskipting frá ZF. Þægindi farþega eru í fyrirrúmi og stórir gluggar auka á það, góð loftræsting og þægileg hljóðvist. Hægt er að panta rútuna með fjölbreyttri sætaskipan og breiðu úrvali aukahluta. Mikið er lagt upp úr öryggi farþega og uppfylla allar smárútur frá Iveco Bus ýtrustu öryggiskröfur og Evrópustaðla svo sem ECE 66*.



## IVECO DAILY TOURIST COACH

**Fáanleg með 20-31 farþegasæti.**
**Algeng útfærsla er fyrir 27 farþega.**

Afburða vel útfærð smárúta sem tekur allt að 31 farþega og er á einstöku verði. Undirvagninn er Iveco Daily 70C sem leyfir heildarþyngd allt að 7,2 tonnum. Yfirbygging er úr trefjaplasti og stoðgrind úr ryðfríu stáli. Öflug 3,0 líter dísilvél og 8 þrepa Hi-Matic sjálfskipting frá ZF. Rúmgóðar farangursgeymslur, björt og rúmgóð yfirbygging og fjölbreytt úrval afþreyingarkerfa einkenna þessa bíla. Mikið er lagt upp úr nýjustu tækni og góðri aðstöðu fyrir ökumann. Daily Tourist Coach er fullbúin eftir ýtrustu öyggiskröfum og uppfyllir alla Evrópustaðla svo sem ECE 66*.

*Öryggispróf og staðall þar sem áhersla er lögð á styrk yfirbyggingar við veltu.

FENIKSBUS®

IVECO BUS

Allar nánari upplýsingar fást hjá sölufulltrúa í síma 575 1200 / 825 5215 / sveinnm@bl.is

IVECO BUS - Kauptúni 1 - Sími 575 1200 - www.bl.is







**Af hverju krosslímt tré?**

- Umhverfisvæn og sjálfbær framleiðsla
- Léttari en steypa
- Frábær einangrun
- Engar kuldabrýr sem bjóða heim raka og myglu
- Mjög fljótlegt að reisa
- Einstakir burðareiginleikar
- Jarðskjálftaþol eins og best getur orðið
- Þynnri veggir - meira innra rými
- Notalegt og heilsusamlegt innra umhverfi

IDEX
Smiðjuvegi 3 - 200 Kópavogur - Sími 412 1700
idex@idex.is - www.idex.is

Byggðu til framtíðar með lausnum frá IDEX

**L-Mesitran**

Náttúruleg sáragræðsla með hunangi

Nánari upplýsingar fást á **www.wh.is.**




Vörurnar fást í Lyf og heilsu, Lyfjaveri, Apótekaranum, Hraunbergsapóteki, Lyfsalanum Glæsibæ,Akureyrarapóteki, Apóteki Mos og Apóteki Ólafsvíkur.

**Rafgeymar og hleðslutæki**

*Fyrir mótorhjól, fjórhjól, vélsleða og fleira.*




NITRO
Urðarhvarfi 4 / 203 Kópavogi
Sími 557 4848 / www.nitro.is





**Hera Hilmarsdóttir segir hlutverkið vera frábært tækifæri.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tryggir sér góða stöðu sem leikkona

**Hera Hilmarsdóttir** mun leika eitt af aðalkvenhlutverkunum í nýjustu mynd Peters Jackson, Mortal Engines. Leikstjóri myndarinnar er Christian Rivers en hann hefur verið hægri hönd Jacksons síðustu ár ásamt því að sjá um allar tæknibrellur í myndum hans. Um er að ræða framtíðartrylli sem byggður er á bókum Philips Reeve.

Ég get staðfest að þetta er að gerast og ég er að fara í tökur á Mortal Engines í ár. Þetta er allt ennþá mjög nýtt og ég get ekki sagt mikið meira um það að svo stöddu,“ segir Hera Hilmarsdóttir, spurð út hlutverkið í nýjustu kvikmynd Peters Jackson, Mortal Engines, sem byggð er á bókum Philips Reeve.

Um er að ræða lykilhlutverk sem að öllum líkindum mun opna henni fleiri dyr í framtíðinni.

„Ég hlakka mikið til að vinna með þessu virta hæfileikafólki sem kemur að myndinni,“ segir Hera ánægð.

Fram hefur komið á kvikmyndavefnum IMDb að Hera fari að öllum líkindum með hlutverk ungu dularfullu konunnar Hester Shaw, sem kemur fram í öllum fjórum bókum bókaflokksins Mortal Engines, og kynnist aðalpersónunni Tom Natsworthy sem Robert Sheehan leikur. Óhætt er að segja að ef rétt reynist er Hera búin að tryggja sér góða stöðu sem leikkona í framtíðinni.

„Þetta er frábært tækifæri,“ segir Hera, en Fréttablaðið mun fylgjast vel með þegar fleiri fréttir berast af hlutverki Heru í myndinni.

gudrunjona@frettabladid.is

## ROBERT SHEEHAN

- Fæddur 7. janúar 1988.
- 14 ára fór mamma hans með hann í prufur fyrir Song for a Raggy Boy.
- Tilnefndur til Bafta TV Award 2011, í flokknum Besti aukaleikari, fyrir hlutverk sitt í myndinni Misfits.
- Lék í The Mortal Instruments: City of Bones, í leikstjórn Haralds Zwart árið 2013 og Season of the Witch, í leikstjórn Dominic Sena árið 2011.
- Í ár mun hann leika í spennuþáttunum Fortitude. Þar leikur einnig íslenski leikarinn Björn Hlynur en þættirnir eru teknir upp hér á landi að hluta.



## PETER JACKSON

- Fæddist 31. október 1961 á Nýja-Sjálandi.
- Fyrsta mynd hans sem leikstjóri er Bad Taste 1987.
- Leikstýrði The Lord of the Rings: The Fellowship of the Ring árið 2001.
- Leikstýrði King Kong 2005.
- Leikstýrði The Hobbit: An Unexpected Journey árið 2012.
- Hefur hlotið yfir hundrað tilnefningar fyrir störf sín í kvikmyndageiranum.
- Vann Óskarinn, Golden Globe og Bafta Film Award 2004 sem besti leikstjórinn fyrir kvikmyndina The Lord of the Rings: The Return of the King.

## CHRISTIAN RIVERS

- Fæddist 1974 á Nýja-Sjálandi.
- Hitti Peter Jackson fyrst þegar hann var 17 ára og hefur verið nánasti samstarfsmaður hans síðustu 24 ár.
- Fyrsta myndin sem hann vann með Peter var Braindead árið 1992.
- Christian Rivers, hefur unnið við tæknibrellur í stórmyndum Jacksons.
- Vann Óskarinn og Bafta Film Award árið 2006 fyrir bestu tæknibrellur í kvikmyndinni King Kong.



Viltu vinna vörur frá Camargue Skärgård fyrir baðherbergið að verðmæti 200.000 kr?

Taktu þátt á facebook síðunni okkar og þú gætir unnið!



# Mikið úrval af öllu fyrir baðherbergið! Allt að 30% afsláttur Camargue Skärgård* baðinnréttingum




**45.995.-**

~~52.495.-~~

## Venedig Sturtuklefi

80 x 80 x 200 cm. Hvítur sturtubotn úr akrýl og hvítlakkað álstell. Með 4 mm hertu gleri. Sturtustöng og sturta fylgja, blöndunarstútur fylgir ekki.

Án skolbrúnar





**43.995.-**

~~50.495.-~~

DURAVIT

## Starck 3 Rimless

Veggfest salernisskál án skolbrúnar, sem eykur hreinlæti og auðveldar þrif. Faldar festingar. Salernisseta með hæglokun og festingar fylgja.



GROHE

## Vitalio Start sturtusett

Krómað. Sturtuhaus og handsturta með 2 bunustillingum. Hitastillir, stöng og slanga fylgja. 5 ára full vöruábyrgð.

**59.995.-**

~~71.495.-~~

*Auglýst tilboð gildir frá og með þriðjudeginum 31. janúar til og með sunnudeginum 26. febrúar 2017.
Gildir á meðan birgðir endast.

# BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

01.02.17 – 07.02.17




**1** Löggan
Jo Nesbø




**2** Þögult óp
Angela Marson




**3** 8 vikna blóðsykurkúrinn
Michael Mosley




**4** Aflausn
Yrsa Sigurðuardóttir




**5** Tvísaga
Ásdís Halla Bragadóttir




**6** Heiða
Steinunn Sigurðardóttir




**7** Stúlkan sem enginn saknaði
Jónína Leósdóttir




**8** Iceland In a Bag
Ýmsir höfundar




**9** Vögguvísurnar okkar
Ýmsir höfundar




**10** The Absolutely True Diary of a Part-time Indian
Alexie Sherman

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson





Fyrirlestur Þórdísar og Toms hefur vakið athygli víða um heim og fjölmiðlar á borð við Daily Mail og Metro hafa fjallað um hann. MYND/MARLA AUFMUTH

# Samfélagsmiðlar voru rauðglóandi

**Þórdís Elva Þorvaldsdóttir**, rithöfundur og fyrirlesari, hefur verið á allra vörum síðan á þriðjudag en TED-fyrirlestur sem hún hélt ásamt Tom Stranger, manninum sem nauðgaði henni þegar hún var 16 ára, fór sem eldur um sinu á netinu undanfarna daga.

Þórdís Elva Þorsteinsdóttir og Tom Stranger héldu fyrirlestur sinn í lok seinasta árs en hann var birtur á vefnum ted.com á þriðjudaginn. Fyrirlesturinn héldu þau í tilefni þess að Þórdís og Tom eru að gefa út bókina Handan fyrirgefningar og sú bók fjallar m.a. um samband þeirra, ofbeldið sem átti sér stað og leiðina að fyrirgefningu.

Bókin kemur út 16. mars og hefur nú þegar vakið mikla athygli og umtal. Bókin er komin í forsölu á vef Forlagsins og Árni Þór Árnason, kynningarstjóri Forlagsins, segir söluna fara vel af stað.

„Forsalan á bókinni hefur farið fram úr okkar björtustu vonum. Það er lítil hefð fyrir svona forsölu í bókabransanum hérna heima þótt þetta sé mikið gert erlendis svo það er afar ánægjulegt að sjá þetta fara svona vel af stað,“ segir Árni sem varð var við mikinn áhuga samhliða fyrirlestri þeirra Þórdísar og Toms.

„Samfélagsmiðlarnir voru rauðglóandi af efni tengdu bókinni og TED-fyrirlestrinum á þriðjudag og viðbrögðin jákvæð. Kollegar okkar í Bretlandi, Svíþjóð, Þýskalandi og Ástralíu hafa sömu sögu að segja og það verður spennandi að sjá hvernig viðtökur bókin fær um heim allan enda um byltingarkenndan viðburð að ræða,“ útskýrir Árni sem er spenntur að sjá hvaða áhrif bókin muni hafa þegar hún kemur út.

**ÞAÐ VERÐUR SPENNANDI AÐ SJÁ HVERNIG VIÐTÖKUR BÓKIN FÆR UM HEIM ALLAN ENDA UM BYLTINGARKENNDAN VIÐBURÐ AÐ RÆÐA.**




Fólk virðist spennt fyrir bók þeirra Þórdísar Elvu og Toms Stranger.

„Við erum stolt af því að vera útgefendur þessa verks sem við teljum að geti breytt allri umræðu um þennan málaflokk.“

Á vef Forlagsins er bókinni lýst sem áhrifaríkri og magnaðri sögu af ferðalagi þvert yfir hnöttinn, frá ofbeldi til sátta. Þar kemur einnig fram að um algert einsdæmi sé að ræða, að gerandi og brotaþoli nauðgunar skrifi bók saman.

Þórdís deildi fyrirlestrinum á Facebook-síðu sinni á þriðjudaginn og viðbrögðin létu ekki á sér standa. Um 100 manns skildu eftir athugasemdir við færslu Þórdísar og það er greinilegt að fyrirlesturinn hefur kallað fram nokkur tár hjá áhorfendum miðað við athugasemdirnar.
**gudnyhronn@365.is**

# Hildur sér um tónlistina í Sicario 2

Hildur Guðnadóttir tónskáld mun sjá um tónlistina í Hollywood-myndinni Soldado, framhaldi kvikmyndarinnar Sicario sem kom út árið 2015, en um tónlistina í þeirri mynd sá Jóhann Jóhannsson. Hildur kom reyndar töluvert við sögu í þeirri hljóðrás því að hún spilaði þar á selló en hún og Jóhann hafa unnið saman um árabil.

Hildur samdi tónlistina fyrir Eiðinn, Ófærð og Tom of Finland og hefur unnið að tónlist fyrir myndir eins og Arrival, The Revenant og Prisoners. Ítalski leikstjórinn Stefano Sollima leikstýrir Soldado en það var Denis Villeneuve sem sá um leikstjórn í Sicario og leikstýrði einnig Prisoners og Arrival, myndum sem Hildur kom að.



**Hildur Guðnadóttir er búsett í Berlín þessi misserin.**

Soldado fjallar eins og Sicario um átök lögreglu og glæpahópa á landamærum Mexíkó og Bandaríkjanna. Þar ríkir ákveðið stríðsástand og mun Soldado fjalla um herværðingu lögreglunnar. Með aðalhlutverk fara Josh Brolin, Benicio Del Toro og Matthew Modine. – **sþh**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


Illska
„þetta er að öllum líkindum ein mikilvægasta sýning leikhúsanna í nokkurn tíma og listamönnunum til mikils sóma."
B.L. - DV
ATBURÐIR SEM MEGA EKKI GLEYMAST!
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!
Miðasala | borgarleikhus.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**

Frosta Logasonar



## Róttækar tillögur

Mikil umræða hefur verið um áfengisfrumvarpið svokallaða undanfarið. Það er auðvitað jákvætt út af fyrir sig og leiðir okkur vonandi á endanum að skynsamlegri niðurstöðu. Sjálfum finnst mér þó ýmislegt hljóma einkennilega í umræðunni. Þó ekki sé meira sagt. Vitaskuld er þetta mikið tilfinningamál, enda kannast flestir Íslendingar við þann vanda sem hlotist getur af óhóflegri neyslu áfengis.

Sumir hafa jafnvel misst ástvini og geta rakið þær ófarir beint eða óbeint til ofdrykkju. Ég hef mikla samúð með þeim. Ég tel hins vegar ólíklegt að þeir sem búi yfir slíkri reynslu hugsi sem svo að einokunarverslun ríkisins hafi þrátt fyrir allt dregið úr skaða þeirra. Að drykkjusjúklingurinn hafi jú lifað nokkrum árum lengur þar sem áfengið fékkst ekki í Nettó eða Krónunni. Ég held ekki.

Það er nefnilega þannig að þetta breytir í sjálfu sér engu fyrir alkóhólista. Hvort sem þeir eru virkir eða óvirkir. En andstæðingar frumvarpsins hafa af þessu miklar áhyggjur. Auðvitað er maður þakklátur öllum þessum fjölda fólks sem ber hag okkar hinna fyrir brjósti og vill gæta þess að við förum okkur ekki að voða. Ég vil hins vegar fyrir mína hönd fá að afþakka þessa umhyggju pent og bendi á einfalda lausn sem allir ættu að geta fellt sig við.

Þeir verslunarmenn sem vilja selja áfengi fái að gera það undir ákveðnum skilyrðum, þeir sem ekki vilja selja það sleppi því. Þeir sem vilja kaupa áfengi í matvöruverslunum fái að gera það. Þeir sem vilja ekki kaupa áfengið þar sleppi því. Ef til vill eru þetta agalega róttækar tillögur. Mér finnst það ekki. Hvað finnst þér?


LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.








